



Fjármálakreppa á fjölmiðlaöld



Ritstjórnarlegt sjálfstæði

Yfirskrift ráðsteinunnar var Fjölmiðlar og kynbátafordómar og umræðurnar sneru að legum hver og yldur fjöldi fjölmiðla og fjölmiðlagi. Þar sem fjölmiðlaáhrif fjölmiðlu og að eðlu eglisatlagið og og að einhendi og þótt um fjölmiðlahönnun og fjölmiðla undir og óðum fjölmiðlagshöpum. Annað er á at fjölmiðlar ogndu að haldshlutverki og invarrt stjórvaldum fyrir hönd innflytjanda eins og annarra samfélagshópa. Þá raddir þeirra væru ekki eins háværar og annarra úti í samfélaginu. Þriðji tók fram að forðast ætli



Fríblöðum fækkar

-Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindin í þessum samfélagi. Þannig segir dómstóllinn í þessum sama dóm að fyrir-mæli um að...
• **Fréttastofa** Stöðvar 2 og Vísis
• **Æra og** einkalíf
• **Til varnar** blaðamenskunninnans.
• **Siðauðrskurðir**



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Birgir Guðmundsson:
24 stundaglasíð tæmt
- 7** Fréttatilkynning:
Fréttablaðið sameinað Árvakri
- 8** Könnun:
Pólverjar vilja fylgjast með
- 10** Kristinn Hrafnsson:
Alþjóðleg fjölskylda blaðamanna
- 13** Sigurður Bogi Sævarsson:
Viðtal við Óðin Jónsson
- 17** Sigurður Bogi Sævarsson:
Viðtal við Óskar Hrafn Þorvaldsson

Tjáningarfrelsið

- 20** Birgir Guðmundsson:
Æra fólks og einkalíf

Félagið

- 26** Jón Guðmundsson:
Kjarni blaðamenskunnar
- 27** Arna Schram:
Frjáls blaðamenska

Úrskurðir

- 28** Úrskurðir síðanefndar

Útgefandi: Blaðamannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.30-15.00.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



Forsíðumyndin

er frá blaðamannafundi Geirs H. Haarde og Björgvins G. Sigurðssonar í lönó í fyrri hluta október. Fjölmiðlar, bæði innlendir og erlendir, skipta gríðarlegu máli í öllum viðbrögðum við fjármálakreppunni, sem sligar Ísland og umheiminn. Hingað til lands komu margir tugir erlendra blaðamanna til að fylgjast með framvindu mála. Mynd: Fréttablaðið.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði

Spurningunni um ritstjórnarlegt sjálfstæði hefur nú enn skotið upp í umræðunni í kjölfar sameiningar útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins og niðurlagningar 24stunda. Augljóst er að þessi ráðstöfun er ögrun við hugmyndina um fjölbreytni í fjölmiðlun og sérstök ástæða er til að fylgjast vel með því hvort fyrirheitum um sjálfstæði ritstjórna beggja blaða verði fylgt eftir í raun. Slíkt er vissulega mögulegt en síður en svo sjálfgefið.

Menntamálaráðherra hefur boðað að nýtt fjölmiðlafrumvarp muni líta dagsins ljós á þingi í vetur. Síðasta frumvarp dagaði sem kunnugt er uppi.

Sjálfstæði ritstjórna og fréttastofa á prentmiðlum og á ljósvakamiðlum er eitt af þeim lykilatriðum sem fjallað var um í síðasta fjölmiðlafrumvarpi. Voru þar sérstök ákvæði sem áttu að tryggja þetta sjálfstæði, en í öllum aðalatriðum var útfærslan þó látin eftir þeim sem beinlínis tengjast málinu, þ.e.a.s yfrstjórn eða eigendum fjölmiðlafyrirtækjanna annars vegar og svo starfsfólki ritstjórna hins vegar. Síðan var gert ráð fyrir að samtök blaðamanna kæmu að málum og legðu blessun sína yfir niðurstöðuna. Vel er hugsanlegt að ákvæðin í frumvarpinu geti lagt grunninn að því að sjálfstæði ritstjórna verði tryggt þannig að sérhagsmunir eða pólitísk sjónarmið ráði ekki för í blóra við vilja og skilning ritstjórnarinnar. Hins vegar er sérstaklega mikilvægt að skoða vandlega hvernig ná mætti fram slíkri tryggingu, ekki sist í ljósi þess að ýmislegt hefur verið að breytast í umhverfi fjölmiðlanna sem flækir þetta mál.

Auk sameiningar blaðanna og brotthvarfs 24 stunda er hér í blaðinu fjallað nokkuð um tvö atriði sem tengjast ritstjórnarlegu sjálfstæði og þeirri óvissu og óöryggi sem hefur gætt varðandi ábyrgðina á því efni sem framleitt er. Slíkt atriði gætu skipt blaðamenn miklu máli í starfi sínu.

Fyrra atriðið er það ákvæði í prentlögum frá 1956 að það er annað hvort útgefandi eða ritstjóri sem ber refsí- eða fébótaábyrgð komi fram í fjölmiðli þeirra umdeild ummæli, sem ekki er augljóslega hægt að finna höfund að. Í dómsmálum hefur það því í raun verið val stefnanda hvort hann stefnir ritstjóranum eða útgefanda. Nýlegt mál, þar sem Magnús Ragnarsson fyrrum sjónvarpsstjóri á Skjá Einum er stefnandi, er til vitnis um það hvernig útgefandi er gerður ábyrgur fyrir ritstjórnarlegum ákvörðunum í tveimur miðlum sem viðkomandi útgefandi er eigandi að. Spurningin er því hvort trúverðugt sé að tala um ritstjórnarlegt sjálfstæði gagnvart útgefendum, ef útgefendur bera síðan refsí- og fébótaábyrgð á ritstjórnarefninu.

Seinna atriðið snertir refsí- og fébótaábyrgð almennra blaðamanna í hugsanlegum dómsmálum. Nú hefur það færst mjög í vöxt að ritstjórnarefni blaðamanna er merkt blaðamönnum með fullu nafni og mynd. Þetta var mjög sjadgæft fyrir nokkrum misserum og segja má að almenna reglan hafi verið að ritstjórnarefni s.s. fréttir var ýmist ómerkt eða merkt með upphafsstöfum blaðamanns. Í seinni tíð hafa raunar netföng einnig verið notuð sem höfundarmerkingar. Ekkert af þessu hefur þó þótt duga sem höfundargreining á efni í blaði, því dómastólar hafa talið að ef ekki sé fyrir hendi fullt nafn beri að líta svo á að ritstjóri eða útgefandi sé ábyrgur. Breyttar merkingar á greinum eru því líklegar til að auka á ábyrgð blaðamanna. Það er mikilvægt að blaðamenn séu upplýstir og meðvitaðir um þá ábyrgð sína.

Það er gerjun í fjölmiðlaheiminum á þessu hausti efnahagsörðugleika og fjármálakreppu. Að mörgu leyti hafa fjölmiðlafyrirætkin nú storminn í fangið og ljöggjafinn hyggur á lagasetningu. Ritstjórnarlegt sjálfstæði – merking þess og innihald – þarf á slíkum tímum að vera áberandi og sífellt nálægur þáttur í umræðunni.

Birgir Guðmundsson

Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður
Sigurður Már Jónsson, ritari
Sólveig Bergmann
Svavar Halldórsson
Elva Björk Sverrisdóttir
Svanborg Sigmarisdóttir

Varamenn:

Albert Örn Eypórssón
Óli Kristján Ármannsson
Porvaldur Örn Kristmundsson

Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,
Guðni Einarsson, Lilly Valgerður Pétursdóttir,
Svanborg Sigmarisdóttir, Klemens Ólafur Prastarson,
og Porvaldur Ö. Kristmundsson

Varamenn:

Kolbeinn Þorsteinsson, Fríða Björnsdóttir
og Lára Ómarsdóttir

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson,
og Sigríður Árnadóttir

Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,
Eiríkur St. Eiríksson

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir
og Silja Björk Hulduóttir

Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Prastarson, Vigdís Þormóðsdóttir

Birtingur/DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

Stöð 2 og Vísir:

Lilly Valgerður Pétursdóttir og
Gunnar Reynir Valþórssón

Viðskiptablaðið:

Guðjón Guðmundsson

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Hilmar Karlsson, varaformaður
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lögm., formaður
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri
Björn Vignir Sigurpálsson, fulltrúi útgefenda
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í.

Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson
Valgerður Jóhannsdóttir
Þór Jónsson

24 stunda glasið tæmt

– útgáfur sameinast og fríblað lagt niður

Sandurinn er nú allur runninn úr stundaglassi annars tveggja fríblöða sem einkennt hafa íslenskan dagblaðamarkað undanfarin misseri. Efnahagsþrengingar hafa þannig blandað sér í fjölmiðladansskaparnanna og efasemdir vaknað um hvort það fríblaðamynstur á dagblaðamarkaði sem hefur þróast muni halda til framtíðar. Fall og erfiðleikar fríblaða í Danmörku og víðar úti í heimi ljá slíkum efasemdum vængi, þó aðstæður séu vissulega einstakar á hverjum stað.

Það var þann 10. október síðastliðinn að síðasta tölublaðið af fríblaðinu 24 stundir kom út og segja má að það hafi nú verið lagt inn í Morgunblaðið. Um tveir tugir misstu við þetta vinnuna og íslensk dagblaðaflóra er umtalsvert

fátæklegri fyrir vikið. Endalok 24 stunda koma, nánast upp á dag, ári eftir að blaðið hafði gengið í gegnum mikla andlitslyftingu og nafnbreytingu, en það var 9. október 2007 sem blaðið var kynnt undir nafninu 24 stundir.

24 stundir kom fyrst út þann 6. maí 2005 og hét blaðið þá Blaðið. Helstu stofnendur og aðaleigendur voru Sigurður G. Guðjónsson, Karl Garðarsson og Steinn Kári Ragnarsson.

Þeir skiptu með sér verkum í upphafi þannig að Sigurður var stjórnarformaður útgáfufélagsins sem gaf út Blaðið, Árs og dags ehf., Karl varð ritstjóri og Steinn Kári auglýsingastjóri.

Blaðið var hugsað sem fullburða fríblað líkt og Fréttablaðið, sem yrði dreift inn á sem flest heimili landsins.

Hugmyndin var að búa til blað sem höfðaði jafnt til lesenda sem auglýsenda, með efni sem væri fróðlegt og létt.

Fyrir voru tvö stór dagblöð á markaðnum, Morgunblaðið og Fréttablaðið, sem ýmsum þóttu um margt lík þó að annað hafi verið selt í áskrift en hinu dreift ókeypis. Það kom fram í viðtölum við aðstandendur Blaðsins á sínum tíma að þeir töldu af þessum ástæðum að rými væri fyrir nýtt blað á markaðnum. Til að byrja með voru skrifstofur blaðsins í Bæjarlind í Kópavogi og voru starfsmenn um 30 fyrstu mánuðina.

Margir ritstjórar

Á tiltölulega stuttum líffíma 24 stunda hafa óvenju margir ritstjórar komið að

Útgáfustefna 24 stunda

- 24 stundir bjóða upp á **breitt úrval fréttar**. Í blaðinu er bæði gott yfirlit um helstu fréttir og fréttir, sem lesandinn fær ekki annars staðar.
- Í fréttum blaðsins er lögð áhersla á að útskýra hvaða áhrif umfjöllunarefnið hefur **fyrir lesandann**.
- Við viljum að fréttir 24 stunda gefi lesandanum **umræðuefni**:
- „Sástu þetta í 24 stundum í morgun?“
- **upplýsi** lesandann;
- hann fái flókið mál framreitt á einfaldan hátt gefi til kynna að blaðið **gæti hagsmuna** lesenda
- veiti greinargóðar upplýsingar og **góða þjónustu**
- Við leggjum áherslu á **persónulegan vinkil**; ræðum við einstaklinginn sem segir sögu, sem varpar ljósi á fréttina í víðara samhengi.
- Við leggjum áherslu á **nær samfélagið** og mál sem **snerta fólk beint**; skipulagsmál, skólamál, löggæslu o.s.frv.
- Við setjum mál í **samhengi** fyrir lesandann og hjálpum honum að átta sig. Segjum forsögu, gefum bakgrunnsupplýsingar og staðreyndir, birtum kort og töflur.
- Við leggjum mikið upp úr **tengslum við lesendur**. Leitum eftir ábendingum þeirra og sjónarmiðum, hvetjum þá til að hafa samband og segja okkur fréttir.
- Við birtum **mikið af myndum** og hvetjum lesendur okkar til að senda inn myndir af mannamótum eða frétt næmum viðburðum.
- 24 stundir eiga að hafa bæði **upplýsinga- og afþreyingargildi**; vera lífsglatt, aðgengilegt og skemmtilegt blað sem tekur sjálf sig ekki of hátíðlega.



Síðasta tölublaðið af 24 stundum.

málum. Karl starfaði sem ritstjóri um tíma, en tók svo sæti í stjórn og Ásgeir Sverrisson tók við sem ritstjóri. Eftir stutta setu var Sigurjón M. Egilsson ráðinn í ritstjórastólinn, en hann hafði áður starfað sem ritstjóri Fréttablaðsins. Þegar Sigurjón sagði upp starfi sínu upphófst mikil deila þar sem eigendur Blaðsins töldu Sigurjón hafa rofið samninga um starfslok þar sem kveðið var á um að hann mætti ekki starfa strax hjá öðrum miðli. Sigurjón gagnrýndi hins vegar ýmislegt í ritstjórnarstefnu og starfsháttum Blaðsins, m.a. að auglýsingadeild hefði of mikil áhrif og afskipti að ritstjórninni. Trausti Hafliðason tók síðan við ritstjórninni og stýrði Blaðinu þar til Ólafur Þ. Stephensen tók við. Ólafur Þ. Stephensen kom frá Morgunblaðinu yfir á Blaðið og tók þar við ritstjórastólnum 1. júní 2007. Ári síðar, í júní 2008 fór hann aftur yfir til Morgun-

blaðsins þar sem hann tók við ritstjórastarfi. Við ritstjórn 24 stunda tók þá Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, sem starfað hafði sem fréttastjóri 24 stunda frá hausti 2006. Koma Gunnhildar á ritstjórastól markaði ákveðin tímamót í íslenskrri fjölmiðlasögu þar sem hún var aðeins önnur konan til að vera aðalritstjóri á íslensku dagblaði og sú fyrsta til að stýra svo útbreiddu dagblaði sem 24 stundir voru.

Vöxtur og viðgangur

Blaðið fékk þokkalegar viðtökur hjá almenningi og fyrsta árið var það með ríflega 30% lestur í könnunum Capacent og var þriðja mest lesna blað landsins. Starfsmönnum fjölgaði einnig ört og voru þeir orðnir um 50 um áramótin 2005-2006, en þá keypti Árvakur hf, útgefandi Morgunblaðsins, helmingshlut í Blaðinu. Í kjölfar þessarar

breyttu eignaraðildar flutti Blaðið í apríl 2006 skrifstofu sína upp í Hádegismóa, í húsnæði prentsmiðju Morgunblaðsins, en þar hafði það verið prentað frá fyrstu tíð. Um miðjan apríl 2007 eignaðist Árvakur síðan öll hlutabréfin í Blaðinu og var reksturinn sameinaður öðrum rekstri Árvakurs. Það var svo þann 9. október 2007 sem nafni og útlit blaðsins var breytt og um leið tóku ritstjórnarlegar áherslur blaðsins nokkrum breytingum. Þótt markhópur blaðsins væri áfram allir Íslendingar var aukin áhersla lögð á að ná til yngri lesenda og að blaðið væri ekki að keppa við Morgunblaðið og Fréttablaðið um sömu eða sams konar fréttir. 24 stundir vildu að því leyti hafa sína eigin fréttadagskrá. Þetta átti meðal annars að gerast með myndrænni frásögn og aðgengilegri framsetningu og var kynnt í sérstakri útgáfustefnu.

Síðasta árið hefur 24 stundir verið í



Á ársafmæli breyttis útlits og nýs nafns 24 stunda var blaðið lagt niður.

umtalsverðri sókn á markaði og hefur jafnt og þétt aukið útbreiðslu sína. Frá og með haustmælingum Capacent 2007 voru 24 stundir komnar upp fyrir Morgunblaðið í útbreiðslu og mældist næst útbreiddasta blað landsins á eftir Fréttablaðinu með rúmlega 50% lestur.

Framtíð fríblaðanna

Eins og fram kemur í fréttatilkynningu um samruna útgáfu dagblaðanna, sem birt er hér í blaðinu, hefur rekstur dagblaða verið erfiður í því efnahagsástandi sem nú ríkir á Íslandi. Bæði hafa auglýsingatekjur dregist verulega saman og aðföng, einkum pappír, hafa hækkað í verði. Þessar aðstæður hafa reynst fríblöðunum sérstaklega erfiðar, enda byggja þau alfarið á auglýsingum enda niðurstaðan úr þeirri stóru sameiningu, sem nú hefur orðið, sú að annað stóru fríblaðanna deyr. Rekstur þeirra blaða sem eftir eru verður áfram þungur, bæði Morgunblaðsins og hinna áskriftarblaðanna veggja, DV og Viðskiptablaðsins, og svo eina fríblaðsins, Fréttablaðsins. Hvort fríblaðahugmyndin sem byggir á dreifingu í hvert hús, hugmynd sem fyrst kom fram af alvöru með Fréttablaðinu árið 2001, á eftir að standast þær efnahagsþrengingar sem virðast

framundan mun ráðast á næstu misserum. Hitt er ljóst að þessi hugmynd hefur beðið nokkurt skipbrot, hér á Íslandi, í Danmörku og víðar.

Samkvæmt gögnum frá rannsóknarmiðstöðinni Newspaper Innovation hefur vöxtur í útbreiðslu fríblaða í heiminum stöðvast það sem af er þessu ári og segja má að þessi markaður sé orðinn mettaður. Þetta hefur gerst eftir mikla sprengingu í útbreiðslu fríblaða á umliðnum árum, en útbreiðsluaukninguna má fyrst og fremst rekja til þess að titlum hefur fjölgað mikið. Það hafa því verið margir um hituna og mikil og hörð samkeppni einkennir útgáfu á fríblöðum. Þessi mettun hefur komið upp á sama tíma og niðursveifla er í efnahagsvexti almennt og samdráttur hefur víðast orðið í auglýsingatekjum fjölmiðla, en það kemur sérstaklega illa við fríblöð á heimsvísu ekki síður en hér á Íslandi.

Þetta felur í sér að víða er erfið staða á fríblöðum og fríblaðastríðið í Danmörku, þar sem Nyhedsavisen lagði upp laupana í haust, er dæmi um hvernig þetta hefur þróast. Þar börðust fjögur mikilvæg fríblöð undanfarin misseri, og töpuðu miklum peningum og auglýsingaverð lækkaði mikið. Spurningin var í raun hver myndi þauka lengst og þá ná herfanginu í

lokin – herfangi sem fólst í að geta staðið einn uppi sem sigurvegari á markaði og byrjað að ná inn tekjum á móti langvarandi tapi.

Í þessu felast tvær vísbendingar frá útlöndum fyrir okkur Íslendinga. Annars vegar að markaðurinn er mettur og að hann einkenndist af mikilli samkeppni. Hins vegar að þar sem samkeppnin nær sér á strík getur hún orðið mjög hörð þannig að auglýsingaverð og auglýsingatekjur lækka mikið samfara taprekstri. Spurningin verður því í raun um það hver geti þaukað lengst.

Spurningin sem framvindan mun svara á næstu mánuðum og misserum er hvort dagblaðamarkaðir beri einungis tiltekinn fjölda fríblaða sem borin eru í hús. Hér á landi höfum við nú aðeins eitt slíkt blað. Ef til vill verður það niðurstaða efnahagskreppunnar að það dugi ekki fríblöðum í lífsbaráttunni að vera ein eftir á fríblaðamarkaði, heldur verði þau líka að skera niður fastakostnað, annað hvort í dreifingu eða ritstjórn. Slíkt mun þó augljóslega leiða til þess að hugmyndin um fullburða frítt dagblað sem dreift er í hvert hús, mun gengisfalla og verða að allt öðruvísi og lítilfjórlegri fríblaðahugmynd, hugmynd sem kennd er við Metró. - BG

Uppstokkun á blaðamarkaði:

Fréttablaðið og Pósthúsið sameinuð Árvakri

– frétt frá Árvakri hf. og 365 hf. 10. október 2008

Árvakur hf. og 365 hf. hafa undirritað samning um að sameina Fréttablaðið og Pósthúsið Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Árvakur greiðir fyrir með útgáfu nýs hlutafjár og yfirtöku skulda. Þar með kemur 365 inn í hluthafahóp Árvakurs. Þessi samningur er gerður í ljósi erfiðleika í blaðaútgáfu vegna harkalegs samdráttar á auglýsingamarkaði og mikilla hækkana á pappírsvæði.

Í dag (10. október) verður útgáfa 24 stunda sameinuð Morgunblaðinu. Með þessu og öðrum breytingum sem taka gildi á næstu vikum og miss-erum næst fram mikil kostnaðarhagræðing á dagblaðamarkaði. Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs,

segir að á sama tíma og fyrirtækin fari þessa leið til að hagræða í rekstri leggi þau mikla áherslu á að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði miðlanna. „Þegar við sameinum 24 stundir Morgunblaðsrekstrinum stóreflum við Morgunblaðið með nýrri, kraftmeiri og ferskari helgarútgáfu blaðsins, sem verður kynnt um aðra helgi.“ Ari Edwald, forstjóri 365, segir að ekki verði breytingar á starfsemi Fréttablaðsins vegna kaupanna. „Hins vegar erum við auðvitað alltaf að leita leiða til hagræðingar í rekstrinum og því verður haldið áfram.“

Þessi kaup eru gerð með fyrirvara um samþykki hluthafafunda í félögunum og með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Þar voru fyrirætlanir um kaupin kynntar fyrir nokkru og á næstu dögum verða einstakir þættir málsins skýrðir nánar.

Hluthafar Árvakurs fyrir kaupin voru félög í eigu Björgólfs Guðmundssonar,

sinn að verulegu leyti á auglýsingum, finna einna fyrst og sárast fyrir samdrætti í mikilvægum greinum í hagerfinu.“ Einar sagði að félögin tvö, sem að þessu standa, gerðu sér góða grein fyrir mikilvægi þess að tryggja áfram ritstjórnarlegt sjálfstæði blaðanna. „Við leggjum áherslu á að þjóna markaðnum, lesendum og auglýsendum,

með ólíkum blöðum. En jafnframt er afar mikilvægt að við náum að framleiða þessi blöð með hámarks samnýtingu á dýrum framleiðsluþáttum. Þar skipta prentun og dreifing mestu, en það eru tækifæri til hagræðingar með samnýtingu fjölda annarra rekstrarliða.“

Ari Edwald, for-

stjóri 365 hf., sagði að kaupin væru mikilvægt skref í að laga fjölmiðla-rekstur að þeim aðstæðum sem væru á markaðnum. „365 mun áfram taka þátt í blaðaútgáfu í gegnum þátttöku sína í Árvakri og jafnframt styrkir þessi breyting 365 og gerir því fært að þjóna neytendum enn betur á öðrum sviðum fjölmiðlunar þar sem einkafyrirtæki glíma við mjög ósanngjörn samkeppnisskilyrði og ríkisstyrktan keppinaut.“

Ráðgjafi Árvakurs í þessum viðskiptum var Straumur fjárfestingarbanki og ráðgjafi 365 var Glitnir banki.

365 eignast 36,5% í Árvakri

Áhersla er lögð á ritstjórnarlegt sjálfstæði dagblaða, en samnýtingu framleiðslukostnaðar

24 stundir sameinað Morgunblaðsútgáfunni

Valtýr ehf., Lyfjablóm ehf. og Garðar Gíslason ehf. Við kaupin kemur 365 hf. inn í hluthafahópinn og verður 36,5% hluthafi í Árvakri. Þór Sigfússon er áfram stjórnarformaður Árvakurs og Einar Sigurðsson forstjóri félagsins. Félagið hefur sett sér markmið um að breikka eigendahópinn þegar aðstæður á markaði gefa tilefni til.

Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs hf., sagði að þessi sameining væri mikilvægt skref til að tryggja áfram öflugra dagblaðaútgáfu við mjög erfiðar rekstraráðstæður á fjölmiðlamarkaði.

„Fjölmiðlar, sem byggja rekstur

Pólverjar búsettir hér vilja fylgjast með

– viðamikil könnun á fjölmiðlanotkun innflytjenda á Íslandi

Gríðarlegar breytingar hafa orðið undanfarin ár á samsetningu þess hóps sem fylgist með íslenskum fjölmiðlum. Fyrir aðeins örfáum árum var þessi hópur menningar- og málfarslega einsleitur og byggði á svipuðum gildum og hefðum. Í dag eru fjölmiðlanotendur fjölbreyttur og fjölmenningslegur hópur, enda eru innflytjendur um 10% þjóðarinnar. Pólverjar eru langstærsti hópur innflytjenda, eða um þriðjungur, en þeir eru tæp 10.000 talsins ef taldir eru með þeim sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt. En hvaða fjölmiðla notar þetta fólk? Hvernig fylgist það með fréttum og hvernig getum við komið upplýsingum til þess? Þessum spurningum og fleirum hefur Helga Ólafs leitast við að svara upp á síðkastið með því að kanna fjölmiðlanotkun Pólverja, en könnunin er hluti af meistaraverkefni hennar í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.



Helga Ólafs, vinnur að umfangsmikilli könnun á fjölmiðlanotkun Pólverja hér á landi.

Viðamikil könnun

Helga vinnur nú úr niðurstöðum könnunarinnar, en alls hafa hátt á fimmta hundrað Pólverja svarað könnuninni um land allt og fleiri svara að vænta. Hún ferðaðist um landið með könnunina og lagði hana m.a. fyrir á vinnustöðum, auk þess sem könnunin var lögð fyrir stóran hóp í gegnum póstlista á netinu. Um er að ræða viðamiklenn spurningalista sem samanstendur

af 55 spurningum. Þar er spurt um notkun íslenskra fjölmiðla, þ.m.t. dagblaðalestur, útvarpshlustun, sjónvarpsáhorf og netnotkun, bæði íslenskar og pólskar fréttasíður, sem og fjölmiðlanotkun áður en flust var til Íslands og notkun pólskra fréttamiðla á Íslandi. Þá eru þátttakendur í könnuninni beðnir að taka afstöðu til fullyrðinga, meðal annars um viðhorf til þess að læra íslensku, félagslega einangrun, mismunun vegna þjóðernis og viðtökur Íslendinga gagnvart innflytjendum.

Kynjaskipting er nokkuð jöfn meðal þátttakenda, en meðal Pólverja eru karlmenn ríflega helmingi fleiri búsettir hér á landi og er þátttaka kvenna því hlutfallslega meiri. Helga féllst á að gefa örliða innsýn í niðurstöðurnar, þá skal tekið fram að um vísbendingar er að ræða þar sem úrvinnsla er ekki að fullu lokið. Enn á eftir að skoða niðurstöður með tilliti til bakgrunnsbreyta, s.s. fjölskyldugerðar, íslenskukunnáttu, lengdar búsetu og hve lengi þeir hafa hugsað sér að búa á Íslandi.

Mikið netaðgengi

Það sem vekur strax nokkra athygli er aðgengi Pólverja að Internetinu en um 95% þeirra hafa aðgang að netinu samkvæmt könnuninni. Tekið skal fram að aðeins um fimmtungur hefur skilað niðurstöðum á rafrænu formi. Nokkuð er um að fólkið fari inn á pólskar fréttasíður sem hýstar eru hér á landi og hefur dv.is þýtt fréttir á pólsku frá því fyrr á þessu ári og hefur það framtak fengið góðar viðtökur Pólverja. Um þriðjungur aðspurðra fylgist með fréttum á dv.is daglega eða nær daglega.

Áhugi á íslensku samfélagi

Ein af áhugaverðum niðurstöðum er að um átta af hverjum tíu telja mikil-



Samskipti innflytjenda og Íslendinga eru mikil á mörgum vinnustöðum. Miðað við mikinn áhuga Pólverja sem hér eru á því að fylgjast með fjölmiðlum ætti að vera leikur einn að halda uppi samræðum um þjóðmálin í kaffitímanum.

vægt að vita hvað er að gerast í íslensku samfélagi og er lítill kynjamunur þar á en ríflega helmingur aðspurðra notar íslenska fjölmiðla daglega eða nær daglega, segir Helga. Flestir fylgjast með dagblöðunum og þar á eftir kemur Internetið, þá útvarp og svo sjónvarp. Þriðjungur Pólverja les íslensk dagblöð daglega eða nær daglega. Fríblöðin eru vinsæl meðal Pólverjanna, en flestir þeirra sem á annað borð lesa blöð, eða um átta af hverjum tíu, lesa Fréttablaðið og tæpur helmingur les 24 stundir. Þegar skoðað er hvað helst er lesið í dagblöðunum eru það gengis- og veðurfréttir, auglýsingar, þ.m.t. smáauglýsingar, og fyrirsagnir, auk þess sem myndir eru skoðaðar. Um þriðjungur fylgist með innlendum fréttum, en nokkuð færri lesa erlendar fréttir.

Stundum ósanngjörn umfjöllun

Auk fjölmiðlanotkunar tók könnunin einnig til þess hvernig pólskt fólk upplifir umfjöllunina um sjálft sig í fjölmiðlum og að sögn Helgu telur ríflega fimmtungur aðspurðra umfjöllunina vera neikvæða, og um helmingur hlutlaus. Þá svaraði um helmingur játandi fullyrðingu um að umfjöllun um útlendinga í íslenskum fjölmiðlum væri oft ósanngjörn játandi og var lítill kynjamunur þar á.

Helga segir mikilvægt að fá sjónarmið Pólverjanna fram, en nokkur umræða fór af stað síðastliðið vor um birtingarmynd innflytjenda í fjölmiðlum í kjölfar ráðstefnunnar Hinn grunaði er útlendingur!

Fulltrúi frá Fjölmiðlavaktinni greindi þar frá samantekt um umfjöllun innflytjenda og erlends vinnuafis í fjölmiðlum

en þar kom m.a. fram að aukning hafi verið á neikvæðri umfjöllun á milli ára 2006 og 2007, en nokkuð hefur verið um neikvæðar fréttir tengdar lögreglu og dómsmálum.

Gestafyrirlesari ráðstefnunnar, Arash Mokhtari, verkefnastjóri hjá Quick Response á vegum Rauða Krossins í Svíþjóð, sagði frá starfi sínu en Quick Response rannsakar hvernig sænskir fjölmiðlar greina frá málafnum innflytjenda, aðlögun þeirra að sænsku samfélagi og kynþáttafordómum. Hann benti m.a. á mikilvægi þess að blaðamenn væru meðvitaðir um afleiðingar skrifa sinna um innflytjendur, en megintilgangur starfs þeirra er að koma í veg fyrir samfélagslega mismunun eftir þjóðerni, menningu og trúarbrögðum.

Alþjóðleg fjölskylda blaðamanna



Eftir
Kristinn Hrafnsson

„Datt einhverjum í hug að fara að taka viðtal við stjórnendur útrýmingarþjónna nasista í stríðslok til að sýna báðar hliðar mála,“ sagði Robert Fisk, blaðamaður á Independent í eldmessu sinni á alþjóðþingi rannsóknarblaðamanna í byrjun september. Fyrirlestur Fisk var einn af hápunktum ráðstefnunnar í



Robert Fisk í ræðustóli.

Lillehammer (<http://www.gijc2008.no>) en þangað var stefnt hátt í 500 rannsóknarblaðamönnum frá tæplega 90 löndum. Fisk hefur skrifað um átökin í Mið-Austurlöndum í 30 ár og er óspar á gagnrýni á afbakaða hlutlægni í fréttaflutningi af átakasvæðum. „Þetta eru ekki íþróttakappleikir,“ sagði Fisk við blaðamennina og hvatti þá til að greina á milli góðs og illis og taka af-

stöðu með fórnarlömbum átaka. Ljóst var að Fisk hefur megna fyrirlitningu á þeim blaðamönnum sem eyða meiri tíma fyrir framan myndavélina en meðal fólksins á vettvangi. Auk þess telur hann grófa fólsum fólgna í því að sýna ekki verstu hörmungar stríðsins og gagnrýnir að blóðugar myndir séu ekki birtar á meðan það þyki í lagi að sýna útlími tæstast af hermönnum í kvikmyndum á borð við „Saving Private Ryan“.

Heimildarmenn

Fisk var á meðal tuga fyrirlesara sem mættu til Lillehammer þar sem menn kynntu áherslur, aðstæður og aðferðir í heimalöndum sínum. Þangað mætti stórstjarnan Lowell Bergman og sagði frá því hvernig honum tókst að sannfæra Jeffrey Wigand hjá tóbaksframleiðandanum Philip Morris um að koma fram í 60 Minutes og greina frá myrkum leyndarmálum tóbaksíðnaðarins. Liðsmenn 60 Minutes þurftu síðan að berjast við yfirstjórn CBS sjónvarpsstöðvarinnar sem stöðvaði sýningu viðtalsins. Þessari sögu var gerð skil í kvikmyndinni „Insider“ þar sem Al Pacino lék Bergman.

Heimildarmenn eins og Wigand hætta öllu þegar þeir stíga fram í sviðsljósið og gerast „whistleblowers“. Bergman lagði áherslu á að það þyrfti að sýna slíkum heimildarmönnum fullkominn heiðarleika og lofa aldrei neinu sem ekki væri hægt að standa við. Hann klikkti svo út með því að eiginlega myndi hann ekki ráð-

leggja neinum að setja sig í þessa erfiðu stöðu.

Hetjur í lífshættu

Einna áhugaverðast á ráðstefnunni var að heyra sögur frá rannsóknarblaðamönnum sem vinna þrekvirki við erfið skilyrði. Fjölmargir rússneskir blaðamenn greindu frá reynsku sinni af því að berjast fyrir sannleikanum gegn þrýstingi yfirvalda, lokaðri stjórn-sýslu, og ógagnsæjum fyrirtækjum að ógleymdum glæpaðflum. Rússneskir rannsóknarblaðamenn eru margir í lífshættu í sínu starfi eins og sorgleg dæmi sanna.

Afganskir blaðamenn þurfa líklegast að glíma við verstu aðstæður í heimi eins og tveir þeirra, Harun Najafizada og Massoud Qiam vitnuðu um. Þrátt fyrir opinberan fagurgala telur gerspillt leppstjórn landsins að frelsi fjölmiðla sé vestrænt fyrrbæri sem eigi ekki við í Afganistan. Blaðamenn þurfa einnig að óttast Mullah, talibana, glæpalýð og takmarkanir vestrænna herja. Fjöldi fjölmiðla er svo hallur undir stríðsherra eða í beinni eigu þeirra. 7 af 14 sjónvarpsstöðum landsins eru í eigu þessa glæpahyskis.



Harun Najafizada og Massoud Qiam þurfa að glíma við erfiðar aðstæður í Afganistan.



Helgi Seljan og Anas Aremeyaw ræða málin á ráðstefnunni.

Einn skarpasti blaðamaðurinn á ráðstefnunni var svo Anas Aremeyaw frá Gana sem laumaði sér í raðir glæpamanna í heimalandinu mánuðum saman. Honum tókst með hjálp faldrar myndavélar að fletta ofan af mafíu sem stundaði mansal frá landinu en í Gana er helsta útskipunarhöfn kynlífsþræla frá Vestur-Afríku. Anas er margverðlaunaður blaðamaður í sínu heimalandi en mögulegt er að hann verði gestur Blaðamannafélagsins á Íslandi innan tíðar.

Fjárskortur og samvinna

Flestir þeirra blaðamanna sem voru í Lillehammer kvörtuðu undan minnkandi skilningi fjölmiðlaeigenda á því að kosta rannsóknarblaðamennsku.

Arðsemiskröfur einkamiðla takmarka þetta fé á sama tíma og flókin veruleiki alþjóðasamfélagsins útheimtir meiri vinnu en áður til að grafa upp sannleikann. Ein leið til að bregðast við þessu er að auka samvinnu þvert á landamæri og voru ýmis jákvæð dæmi kynnt sem sýna slíka möguleika. Það var til dæmis samvinna Svía, Breta og Bandaríkjamanna sem fletti ofan af fangaflugi CIA. Það var ægiflókin vinnsla úr milljónum opinberra færslna frá bandarískum flugmálayfirvöldum sem gerði mönnum kleift að finna flugvélar og gervinöfn þeirra flugmanna sem stýrðu þeim. Margt skondið kom fram í þeirri vinnu en blaðamönnum tókst til dæmis að finna fleiri hundruð gervinöfn sem Bandaríska leynipjónustan hafði búið til fyrir

„agenta“ sína og hafði af vafasamri fyrirhyggju skráð þá alla „til heimilis“ í sama pósthólflið í Virginíu.

Óformleg tengslamyndun er alltaf mikilvægur þáttur þess að vera á ráðstefnum sem þessari og ríkur vilji meðal allra að aðstoða hvern annan og vinna saman. Það er ekki síst fengur fyrir íslenska blaðamenn sem þurfa oft að elta þræði mála til útlanda.

Þess utan er það einstök upplifun að hitta hundruð blaðamanna sem eiga það sammerkt að líta á starf sitt sem annað og meira en launavinnu. Þrátt fyrir ólíkan uppruna sló hjartað á sama stað. Sami áhuginn og áhyggjurnar, sömu markmiðin og metnaðurinn einkenndi hópinn. Einhver hefði líkt þessu fremur við ættarmót en þurra ráðstefnu.

Næsta ráðstefna verður í Genf í apríl 2010 (<http://www.swissinvestigation.net/en/gjic>)

Sérstakt fagfélag

Norska félagið SKUP hélt ráðstefnuna í Lillehammer en ekki verður séð að þetta félag sé í tengslum við Norska blaðamannasambandið. SKUP eða

„Stiftelsen for en Kritisk og Undersökende Presse“, (<http://www.skup.no>) var stofnað árið 1991 til þess að efla og auka gagnrýna rannsóknarblaðamennsku í Noregi. Félagið stendur fyrir árlegum ráðstefnum, útgáfu fagefnis, fyrirlestrum og verðlaunaveitingum. SKUP á sér systursamtök í Danmörku (FUJ <http://come.to/fuj.dk>), í Svíþjóð

(GRäV <http://www.fgj.se>) og í Finnlandi (<http://www.tutkiva.fi>).

Það væri athugandi fyrir blaðamenn hér á landi að huga að stofnun sambærilegs félags ef menn telja það betri og skilvirkari vettvangur fyrir faglega umræðu blaðamanna en stéttarfélagið B.Í.

kristinn.hrafnsson@stod2.is



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður BÍ, og Jóhannes Kr. Kristjánsson, ritstjóri Kompáss.



Rannsókn- og verkefnastyrkir Menningarsjóðs B.Í.

Menningarsjóður Blaðamannafélags Íslands býður nú upp á sérstaka rannsókn- og verkefnastyrki til blaðamanna sem hyggjast búa til efni um fjölmiðla eða fyrir fjölmiðla. Styrkirnir eru hugsaðir til að létta undir með útlögðum kostnaði eða gera mönnum kleift að helga starfskrafta sína einhverju rannsóknarverkefni á sviði

blaðamennsku (rannsóknarblaðamennsku) í tiltekinn tíma. Hvert verkefni og hver umsókn er metin sérstaklega af stjórn sjóðsins.

Frekari upplýsingar má nálgast á skrifstofu Blaðamannafélags Íslands, Síðumúla 23, sími 553 9155, netfang: bi@press.is

Fréttastofur Ríkisútvarpsins sameinaðar – Almannaútvarp hefur mikið hlutverk, segir Óðinn Jónsson fréttastjóri:

Við höfum förgjöf

Bankakreppa í október. Ráðamenn sitja á neyðarfundum og almenningur kallar eftir fréttum af stöðu mála. Myndin er óglögg í fyrstu en skýrist smátt og smátt. Fréttamenn Ríkisútvarpsins standa vaktina og flytja okkur tíðindi. Jarðskjálftar í maílok. Mínútu eftir að „hornsteinar landsins braka“ heyrast í Brodda Broddasyni í útvarpinu með fyrstu fréttir. Hvað er að gerast? Svör berast óðara. Útvarp Reykjavík er á sínum stað. Veitir öryggistilfinningu. Segir okkur að heimurinn sé enn í heilu lagi, þrátt fyrir allt.

„Allar fréttastofur vilja njóta þess trausts sem Ríkisútvarpið hefur samkvæmt þeim mælingum sem fyrir liggja. Okkur er mikið keppikefli að halda þeirri stöðu. Kannski er það hluti af íslenski menningu, upplifun og hefð að fólk treystir Ríkisútvarpinu á ögurstundu,“ segir Óðinn Jónsson fréttastjóri.

Reynslan er hvatning

Fréttastofur Útvarps og Sjónvarps voru sameinaðar um miðjan september. Óðinn sem stýrir sameinaðri fréttastofu RÚV segir þessa aðgerð skila

hafa umsjón með innlendum fréttum, Ingólfur Bjarni Sigfússon stýrir erlendum fréttum og íþróttaumfjöllun er á könnu Margrétar Marteinsdóttur. Aðalvaktstjórar eru þrír, Arnar Páll

Hauksson, Pálmi Jónsson og Svavar Halldórsson. Vefritstjóri er Bergljót Baldursdóttir.

„Vissulega verður krefjandi fyrir fólk að vinna jöfnum höndum fyrir net, útvarp og sjónvarp. Þetta er hins vegar gerlegt. Norrænu ríkisstöðvarnar í löndunum allt í kringum okkur – að frátöldum Svíum – hafa

„Ástæða til að við endurreisum póstinn í Brüssel með tilliti til þess hve stór hluti af málum íslensku þjóðarinnar – lögum og regluverki – er til lykta leiddur þar.“

margvíslegum ávinningi. Fréttastofan ætli sér að vera skarpari og sneggri en hingað til. Flytja dýpri og vandaðri fréttir en verið hafi. Tíminn einn leiði í ljós hvort markmiðin náist. Ljóst sé þó að RÚV hafi ákveðna förgjöf hvað varðar góðan mannskap, aðstöðu og tækjabúnað.

Starfsmenn á fréttastofu RÚV eru um áttatíu talsins. Óðinn Jónsson stýrir skútunni en honum til fulltingis eru fjórir varafréttastjórar. Broddi Broddason og Sigríður Hagalín Björnsdóttir

sameinað fréttastofur sínar og reynslan þaðan er góð og okkur hvatning,“ segir Óðinn.

Ólíkar hefðir

Í dag eru í umsjón fréttastofu þættirnir Morgunvaktin á Rás 1, Dægurmálaútvarpið á Rás 2 og Spegillinn sem er sendur út á báðum rásum. Í deiglunni er svo að auka vægi fréttaskýringa og dýpri umfjöllunar til dæmis með breytt-



Óðinn Jónsson stýrir sameinaðri fréttastofu Ríkisútvarpsins. Hann hefur starfað sem fréttamaður við RÚV síðan 1987, lengst af í Útvarpinu. Einnig á Sjónvarpinu, meðal annars sem fréttaritari í Kaupmannaböfn. Við starfi fréttastjóra Útvarps tók hann 2005.

um áherslum í aðalfréttatímum útvarps og sjónvarps.

Fjölmargir þættir voru vegnir og metnir áður en ákvörðun um sameiningu fréttastofanna tveggja var tekin. Mótrökin voru, að sögn Óðins, meðal annars þau að fjölmiðlaflóran yrði ekki eins fjölbreytt og fréttamatið hugsanlega einsleitara.

„Hins vegar fundust okkur kostirnir margfalt fleiri og stærrir. Þar að auki hefur tíminn unnið gegn mótrökunum. Fréttastofurnar eru hlið við hlið hér í Efstaleiti og starfa eftir sömu fréttareglum enda þótt vinnubrögð

og hefðir séu um margt ólíkar. Í mínum huga er þetta fyrst og fremst spurning um að vinna vel út frá meginreglum blaðamenskunnar: greina hismið frá kjarnanum, útskýra staðreyndir mála og veita valdhöfum aðhald. Sameinuð getum við gert þetta betur en aðskilin,“ segir Óðinn, sem vinnur þessa dagana með sínu fólki að því að breyta vaktakerfum og vinnufyrirkomulagi. Það sé nauðsynlegt í starfsumhverfi þar sem flestir fréttamenn munu vinna jöfnum höndum fréttir fyrir útvarp, sjónvarp og vef.

Ávinningurinn kominn í ljós

„Þegar sameining fréttastofanna verður að fullu orðin að veruleika verða hér innlend og erlend fréttavakt, íþróttadeild og vaktborð sem verður nokkurs konar hjarta starfseminnar. Þar verður tekið á móti fréttum utan úr bæ, unnar stuttar fréttir fyrir útvarp og unnið fréttæfni fyrir vefinn www.ruv.is, en þann þátt í starfseminni ætlum að að efla til muna,“ segir Óðinn sem telur að menn þurfi allan líðandi vetur í sameiningarstarfið. Margt þurfi að taka með í reikninginn. Undir vor ættu

hlutirnir hins vegar að vera búnir að slípast til. Í mörgu tilliti sé ávinningur sameiningarinnar þó þegar kominn í ljós. Það hafi best sést í bankakrisunni á dögunum.

„Í því máli sást best hverju sameinuð fréttastofa getur áorkað. Við höldum úti samfelldri umfjöllun bæði í útvarpi og sjónvarpi, vorum með fólk á vaktinni við Ráðherrabústaðinn og víðar á vettvangi. Við skiptumst á um að vera á vaktinni allan sólarhringinn sem er nauðsynlegt ef fréttastofa á að halda úti öflugri umfjöllun í stórmálum. Þá þarf hún að hafa kraftinn sem er fólgin í þeim frábæra mannskap sem hér starfar.“

Vil vakt í Brüssel

RÚV er víðar en í Efstaleiti. Fyrirtækið starfrækir í dag svæðisstöðvar á Ísa-

firði, Akureyri og Egilsstöðum. Auk þess eru úti á landi nokkrir fréttamenn með stafrænan upptökubúnað sem gerir alla fréttavinnslu auðveldari en áður.

„Við höfum engar fyrirætlanir um að draga úr starfsemi okkar úti á landi. Raunar þvert á móti. Hins vegar koma til greina breytingar á núverandi fyrirkomulagi svæðisstöðva og skipulagi fréttavinnslu hvort sem það er fyrir vestan, norðan eða austan. Það má vel vera að við stökum spilin upp og mörkum nýjar áherslur, til dæmis með fjölgun fréttaritara. Þar vinnur tæknin með okkur. Við fréttavinnslu hvort heldur er fyrir útvarp eða sjónvarp þarf ekki sama mannskap, tækjabúnað eða húsnæði og áður og samkvæmt því munum við að sjálf-sögðu starfa,“ útskýrir Óðinn. Aðspurður um fréttaritara erlendis bend-

ir hann á að Ríkisútvarpið hafi öfluga menn á vaktinni í Bandaríkjunum og Bretlandi; þá Svein Helgason í New York og Svein H. Guðmarsson í Lundúnum. Staða fréttamanns í Kaupmannahöfn hefur verið lögð niður.

„Fyrir á árinu þurftum við að draga saman seglin eins og svo mörg önnur fyrirtæki og forgangsraða upp á nýtt og þá varð Kaupmannahafnarposturinn fyrir hnífnum. Vægi fréttavinnslu er minna en áður og því tel ég ekki líklegt að við munum í næstu framtíð ráða fréttamann í fullt starf þar. Í dag er hins vegar mun ríkari ástæða til að við endurreisum postinn í Brüssel með tilliti til þess hve stór hluti af málum íslensku þjóðarinnar – lögum og regluverki – er til lykta leiddur þar. Ég hef mikinn áhuga á því að setja okkar mann fljótlega á vaktina í Brüssel.“



„Þegar sameining fréttastofanna verður að fullu orðin að veruleika verða hér innlend og erlend fréttavakt, íþróttadeild og vaktborð sem verður nokkurs konar hjarta starfseminnar,“ segir Óðinn.

Höldum í þjóðarútvarp

Síðustu árin hafa orðið miklar breytingar á eignarhaldi íslenskra fjölmiðla. Ýmsir miðlar hafa komist í eigu peningamanna sem hafa orðið illa úti í hretviðrum á fjármálamörkuðum að undanfögnu. Því má ætla, að breytingar verði í fjölmiðlaflórinni á næstunni. RÚV verður hins vegar áfram á sínum stað.

„Ég hef aldrei fundið til neinnar minnkunar gagnvart því að þjóðin eigi minn vinnustað. Þvert á móti finnst mér upphéð af því að vinna fyrir almenning. Almannaútvarp hefur miklu hlutverki að gegna í öllum vestrænum samfélögum. Einmitt þessa dagana sýnist mér raunar full þörf á því að við höldum í gott þjóðarútvarp sem ekki er háð brothættu eignarhaldi. Auðvitað eru fréttir af mörkuðum að undanfögnu mjög dapurlegar. Faglega séð vill enginn að fjölmiðlunum fækki og Ríkisútvarpið þarf svo sannarlega á samkeppni að halda. Ég vona innilega að

félagar okkar á öðrum fjölmiðlum haldi sinni vinnu og starfi áfram á öflugum fjölmiðlum. Þessar hræringar mega ekki veikja fjölmiðlun í landinu,“ segir Óðinn og bætir við að mikilvægt sé að RÚV gæti jafnræðis í öllum fréttaplutningi, bæði gagnvart kynjum og minnihlutahópum.

„Við vorum til skamms tíma með í undirbúningi að efla þjónustu fyrir útlendinga og ætluðum þar að nota fréttavefinn. Efnahagsástandið og sú staðreynd að útlendingum hér á landi hefur fækkað mjög síðustu mánuði hefur kælt þessi áform. Við þurfum t.d. að meta hvort önnur verkefni kunni að vera brýnni,“ segir Óðinn. Hann nefnir að RÚV sé í mun að geta mætt ólíkum þörfum og kröfum fólksins í landinu. Þegar forsætisráðherra ávarpaði þjóðina í bankakreppunni á dögunum hafi til dæmis verið fenginn táknmálstúlkur sem í hliðarmynd á sjónvarpsskjánum bar heyrnarlausum fréttirnar. Þetta hafi mælst mjög vel fyrir.

Leiðtogi og stjórndi

Óðinn Jónsson hefur starfað sem fréttamaður við RÚV síðan 1987, lengst af í Útvarpinu. Einnig á Sjónvarpinu, meðal annars sem fréttaritari í Kaupmannahöfn. Við starfi fréttastjóra Útvarps tók hann árið 2005.


„Sjónvarpið er heillandi miðill, öflugt og spennandi, þó ég hafi ílenst í útvarpinu sem mér þykir mjög vænt um. Nei, ég á ekki von á því að sjást mikið á sjónvarpsskjánum. Útiloka slíkt þó auðvitað ekki. Ég ætla mér fyrst og fremst að vera hér í hlutverki faglegs leiðtoga og stjórnanda þessa rekstrar sem er gríðarlega umfangsmikill. Hér er frábært starfsfólk og mikill þekking. Styrkur fréttastofu Ríkisútvarpsins felst meðal annars í mikilli reynslu og hefðum. Á þeim hornsteinum byggjum við sókn okkar til nýrra tíma.“

-sbs

Sjónvarpið enn helsti fréttamiðillinn í BNA

Sífelld færri Bandaríkjamenn lesa dagblöð en eru þess í stað farnir að sækja sér fréttir á netið. Sjónvarpið heldur hins vegar velli sem helsta uppspretta fréttu í landinu. Þetta kemur fram í könnun Pew rannsóknarmiðstöðvarinnar sem gerð er annað hvert ár og sem birt var á dögunum. Það kemur ekki á óvart að könnunin sýni að ungt fólk sækir sér frekar fréttir á netið en eldra fólkið, sem heldur sig frekar við hefðbundnari miðla s.s. dagblöð og sjónvarp.

Samkvæmt Pew rannsóknarmiðstöðinni, þá sýnir könnunin að aukning hefur orðið á lestri fréttu á netinu og einnig að nú er til staðar umtalsverður hópur Bandaríkjamanna sem



er meðvitaður og vandfýsinn og í þokkalega góðum efnum, sem notar jöfnum höndum netmiðlana og hefðbundnari miðla til að afla sér fréttu. Í Pew rannsókninni er þessi hópur nefndur „sameiningarsinnar“ eða

„miðlarar“ („integrators“) og eru um 23% af þeim sem spurðir voru. Þessi hópur eyðir jafnframt mestum tíma allra í að afla sér fréttu.

Þá kemur það fram í rannsókninni að stærstur hluti þeirra sem fylgdist með fréttum gerir það í gegnum sjónvarp, eða um 46% aðspurðra. Þessi hópur er einnig nokkuð gamall þar sem miðgildi aldurs hópsins er 52 ár. Sjónvarps hópurinn er raunar sá hluti úrtaksins sem hefur það verst efnahagslega. Um 43% hópsins er atvinnulaus og þetta er það fólk sem ólíklegast er að eigi eða hafi aðgang að tölvu.

Sá hópur sem nær eingöngu treystir á netið til að fylgjast með fréttum er bæði yngsti og smæsti hópurinn í úrtakinu. Þar er miðgildi aldurs 35 ár.

Óskar Hrafn Þorvaldsson er nýr fréttastjóri sameinaðrar fréttastofu 365 miðla:

Sniðug, beitt og skemmtileg

Fréttastjórinn tekur á móti mér með hressilegu yfirbragði. Fundi morgunsins er að ljúka þar sem dagurinn hefur verið kortlagður og verkefnum úthlutað. Allt þarf að vera undir góðu skipulagi svo fréttastofan virki og fólkið í landinu fái bærulega heildstæða mynd af veröldinni.

„Viltu kaffi,“ spyr Óskar Hrafn Þorvaldsson og skenkir mér svartbaunaseyði í hvítum plastbolla. Við setjumst síðan inn á skrifstofu hans en áður færum við til stóla við fundarborðið og tökum af borðinu dagblöð þar sem menn hafa strikað undir feitar fyrisagnir og bita-

stæðar setningar. Fjölmíðlarnir nærast hver á öðrum. Frétt eins, kallar á að sá næsti komi með nýjan flöt á málinu.

„Góð fréttastofa er samheldinn hópur. Svo árangur náist þarf stemningin hér innanhúss að vera jákvæð og milli fólks verður að ríkja gagnkvæm virðing og traust. Miklu skiptir að fréttastofan hafi skýra stefnu og allir róí í sömu átt. Mikilvægast er þó að fólk hafi ástríðu fyrir góðum fréttum.

Sinni starfinu af lífi og sál, enda er allstaðar hægt að finna fréttir. Í sundi, í kjörbúðinni, skóla barnanna okkar og svo framvegis. Allsstaðar eru sög-

ur sem geta reynst stórfréttir,“ segir Óskar Hrafn.

Árangur sjáist fljótt

Ferill Óskars Hrafnis í fjölmiðlum er líkur sögu margra annara. Hann byrjaði

ritstjórn Sirkus, fylgirit Fréttablaðsins en fyrir um ári varð hann ritstjóri Vísis. Þegar fréttastofur Vísis og Stöðvar 2 og Bylgjunnar voru sameinaðar á dögnum tók Óskar svo við stjórninni þar.

Nýi fréttastjórinn hefur ákveðnar hugmyndir um stefnu sinnar fréttastofu og segist

munu koma henni í framkvæmd á næstu vikum og mánuðum.

„Að hluta til er þessi stefna aðeins til í höfðinu á mér og einhverjir punktar eru á skjali í tölvu. Þessar hugmyndir verða slípaðar til á næstunni og svo látum við til skarar skriða. Hvorki við

fréttamennirnir né eigendur 365 höfum efni á að biða lengi. Árangur þarf að sjást fljótt.“

Marka okkur sérstöðu

Almennt talað segir Óskar mikilvægt að marka fréttastofunni sérstöðu og róa á önnur mið en keppinautarnir í Efstaleiti; hvort heldur er á vefnum eða ljósvakanum. „Með þessu er ég ekkert að segja að við ætjum að vera gul, heldur marka okkur sérstöðu. Þessi fréttastofa á eins og aðrar allt sitt undir trausti og trúverðugleika. Þegar talað er um gular fréttir er mikilvægt að hafa í huga hve slíkt er af-

„Gamla ritstjóratýpan er á undanhaldi; maðurinn sem mætir í hádegisverð með yfirstéttinni og reynir að hafa áhrif á þjóðfélagið með leiðaraskrifum.“

í íþróttafréttum þar sem hann lærði meðal annars að vinna hratt og skipulega. „Það var oft ansi töff á DV að setja saman 24 síðna blað á tveimur sólarhringum. En með góðu skipulagi og markvissum vinnubrögðum náðist þetta allt saman og var mikill skóli,“ segir Óskar sem starfaði á DV frá ársbyrjun 2000 fram í nóvember 2003 þegar þáverandi útgáfufélag blaðsins varð gjaldþrota. Frétt ehf. tók þá við rekstrinum og sameinaði íþróttadeildir DV og Fréttablaðsins þar sem Óskar starfaði næstu misseri. Í ársbyrjun 2006 fór hann aftur yfir á DV og varð fréttastjóri og ritstjóri þrjá síðustu mánuði þess árs. Tók í ársbyrjun 2007 við



Fréttastjórinn. „Í sundi, í kjörbúðinni, skóla barnanna okkar og svo framvegis. Allsstaðar eru sögur sem geta reynst stórfréttir,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson. Mynd: -sbs

stætt. Markalínurnar hafa færst til. Það sem þótti gulur glannaskapur fyrir fáum árum er viðtekin hefð í dag,“ segir Óskar sem leggur mikið upp úr því að setja fréttir í samhengi við líf almennings í landinu. Hefur þar meðal annars í huga þá fréttastefnu sem DV fylgdi fyrir á árum.

„Við þurfum að vera hugmyndarík, sniðug, beitt og skemmtileg. Það verður svo hver að dæma fyrir sig hvort slík fréttastefna er gul. Samkeppnin við Ríkisútvarpið er langhlaup og að öðrum þræði spurning um breyttar neysluvenjur fólks. Meginlína fjölmiðlaneyslu almennings í dag virðist sú að fólk lesi Fréttablaðið að morgni, fylgist með veffréttum Mbl.is yfir daginn og

hlustar og horfir á fréttir Ríkisútvarpsins að kvöldi. Við Vísisfólk höfum verið að sækja að Mbl.is síðasta misserið og þeir raunar að sækja fram líka, þannig að við höfum ekki ennþá nálgast þá með þeim hætti sem við vildum sjá. Þess vegna, meðal annars, þurfum við að herða sóknina enn frekar. Það er staðreynd að yfir daginn fullnægja vefmiðlarnir fréttapörf almennings býsna vel. Eru með öll helstu málin og koma fréttirnar nánast um leið og þær gerast. Þetta veldur síðan því að í sjónvarpsfréttum að kvöldi er mjög erfitt að koma með nýjar fréttir. Þetta snýst frekar um að finna nýja fleti á málum og sýna hugkvæmni í útfærslu.“

Slagkrafturinn er mikill

Eftir að hafa starfað lengi á blöðum og síðar vefmiðli segir Óskar áhugavert að kynnast fréttamennsku í útvarpi og sjónvarpi. „Ég er að upplifa á eigin skinni hvað fréttir í sjónvarpi geta verið myndrænar og skemmtilegar. Það sem mér hefur kannski komið mest á óvart er hvað slagkrafturinn í fyrstu frétt kvöldfréttatímans er gríðarlega mikill. Á vefmiðli eiga fréttir til að tynast. Fréttin lifir kannski í hálf tíma uns eithvað annað nýtt og spennandi kemur inn. Í sjónvarpinu er þetta öðruvísi. Þegar fréttamaður fer af stað þarf hann að sjá fréttina mjög nákvæmlega fyrir; alla vinkla og viðbrögð. Þess vegna finnst mér sem fréttastjóra

og kóntrólfriki óþægilegt að geta ekki fylgst með hvernig fréttin þróast og verður til. Það er óþægilegt að þurfa kannski hálf tíma áður en við förum í loftið að umbylta frétt, sækja viðbrögð fleiri aðila og svo framvegis. Á vefmiðli er slíkt mun auðveldara. Þar er alltaf hægt að bæta við þá frétt sem komin er í loftið, skrifa nýja frétt, tala við fleiri málsaðila og svo framvegis.“

Síðustu miss-
erin hefur það
sjónarmið verið
áberandi að fjöl-
miðlar skuli gæta
ítrustu varkárni
þegar fjallað er
um mál sem
tengjast útlend-
ingum hér á
landi. Sjónarmið
Alþjóðahúss og
fleiri slíkra í þessu
sambandi segir
Óskar að séu um
margt skiljanleg
með tilliti til bar-
áttunnar gegn

fordómum. Hins vegar verði að taka fleiri atriði inn í breytuna. Í fjölmiðlum sé jafnan best að segja hverja sögu eins og hún gengur. Félagslegar mála-
miðlanir í fréttaskrifum séu sjaldnast af hinu góða. „Ef Pólverji rænir búð er nákvæmlega það fréttapunkturinn. Það er fráleitt að þynna málið út með því að tala að maður af erlendu bergi brotnu beri ábyrgð á verkaðinum eða eitthvað viðlíka. Að segja að Íslendingur hafi rænt búðina er að sama skapi fráleitt; á Íslandi eru allir Íslendingar í fréttum nema annað sé tekið fram.“

Ég ætla ekki á skjáinn

Starfsmenn á fréttastofu 365 miðla eru nær fjórutíu talsins. Tíu fréttamenn skrifa fyrir Vísi og jafn margir eru á ljósvakavaktinni. Þá eru ótaldir þeir sem starfa fyrir Ísland í dag, Kompás og svo tæknimenn og annað baksviðsfólk. Hvað varðar samnýtingu á þessum starfskröfum segir Óskar að nokkrir fréttamenn muni bæði vinna fyrir vefinn og ljósvakann. Aðrir muni einbeita sér að vefskrifum.

„Fólk þarf að koma þokkalega út í mynd svo það eigi erindi í sjónvarpsfréttir. Sjónvarpsmaðurinn þarf að vera auðsúgustur á heimilinum landsins. Sjónvarpið er miskunnarlaus miðill að því leyti að öll líkamseinkenni magnast og verða mjög áberandi í mynd. Fyrir vikið er sjónvarpið ekki fyrir alla,“ segir Óskar og hann ætlar sér að vera „ósýnilegur“ fréttastjóri. Vera á gólfinu

Á vígvellinum

Aðspurður segist Óskar Hrafn ekki hafa gert neinar sérstakar kröfur um menntun þeirra fréttamanna sem hann hefur ráðið til starfa, til að mynda á Vísi. „Ég hef fengið hingað inn krakkar sem voru í fjölmiðlanámi við Háskólann á Akureyri sem þekktu engin deili á helstu forystumönnum viðskiptalífsins né gátu lyft upp síma og aflað fréttu.“

Síðan hafa komið hingað inn átján ára strákar sem smullu algjörlega inn í starfið. Hringdu út um allan bæ og náðu inn fínun fréttum og áttu ekki í neinum vandræðum með að koma hugs-
un sinni niður á blað. Eðlisgáfa í fréttamannsstarf-
inu skiptir miklu.“

Plastmálið er tæmt. Kaffið er

búið. Við Óskar Hrafn erum nánast búnir að fara yfir allar spurningarnar sem lagt var upp með og gott betur.

„Mér hefur verið tekið vel af nýju samstarfsfólki hér, sem sumu bregður kannski við að fá sem yfirmann korn-
ungan strák sem gengur í gallabuxum og hvítum íþróttaskóm. Ég held samt að klæðaburðurinn skipti ekki öllu máli, heldur að vera starfsfólkinu fyr-
irmynd. Þess vegna kappkosta ég að mæta hér snemma á morgnana og fer aldrei heim fyrr en síðasta fréttin er farin í loftið. Og oft er ég miklu lengur; eins og í nótt þegar ég var með töku-
mönnum fyrir framan Landbankann að mynda þegar bankastjórarnir og Björgólfur Thor fóru undir nóttina á leynifund í Stjórnarráðinu. Svona þarf þetta að vera. Fjölmiðlamenn þurfa að hafa ástríðu fyrir starfinu. Og þú vinnur ekki stríðið nema vera á vígvellinum,“ segir fréttastjóri Óskar Hrafn Þorvaldsson að síðustu.

-sbs

**„Markalínurnar hafa færst til.
Það sem þótti gulur glannaskapur
fyrir fáum árum er viðtekin
hefð í dag.“**

með sínu fólki en láta öðrum eftir að standa fyrir framan myndavélina og flytja þjóðinni tíðindi dagsins. Nefnir Óskar þar fréttapuli Stöðvar 2, þau Sigmundur Ernir Rúnarsson, Eddu Andrésdóttur, Loga Bergmann Eirsson og Telmu Tómasson sem hann segir öll vera fólk í fremstu röð.

„Ég hef ekki fundið neina sérstaka eftirspurn eftir því að fréttastjóri sjáist í mynd. Enginn hefur beðið um slíkt. Fréttastjórar gera mest gagn með því að vera með sínu fólki á dekkinu, standa við bakið á því og hvetja áfram. Leita að málum, finna nýja vinkla á fréttum og ná afrakstrinum í hús. Þetta er verkamannadjobb. Í raun og veru er enginn munur á mér og verkamanninum sem grefur skurð nema hvað hann notar skóflu en ég tölvu og síma. Gamla ritstjóratýpan er á undanhaldi; maðurinn sem mætir í hádegisverð með yfirstéttinni og reynir að hafa áhrif á þjóðfélagið með leiðaraskrifum. Ritstjórar eiga hvorki að reisa sjálfum sér minnisvarða né reyna að stjórna þjóðfélaginu.“

Æra fólks og einkalíf, dómstólar, fjölmiðlar og sjálfstæði ritstjórna



Eftir
Birgi Guðmundsson

Hafa dómstólar á undanförunum miss-erum verið að þrengja að tjáningarfrelsinu með því að sakfella fjölmiðlafólk og hækka miskabætur og fjárútlát vegna birtingar dóma? Spurningar sem þessi hafa heyrst æ oftar upp á síðkastið, sérstaklega eftir að Bubba-dómurinn, sem svo hefur verið kallaður, var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í mars 2006 og hann síðan staðfestur í Hæstarétti ári síðar.

Tjáningarfrelismál í fjölmiðlum

Ýmis lagaákvæði koma við sögu þegar skoðaðir eru dómur í héraðsdómi og í Hæstarétti sem tengjast ærumeiðingum, friðhelgi einkalífs eða tjáningarfrelsi, eða því sem kalla mætti einhver konar höftum eða takmörkum á tjáningarfrelsi blaðamanna/fjölmiðla og annarra sem eru að tjá sig á opinberum vettvangi. Þar koma til álita ýmis hegningarlagaákvæði önnur en varða meiðryði og ærumeiðingar, s.s. um minnihlutahópa (gr. 125) og svo stjórnar-

skrárákvæði um friðhelgi einkalífsins. Þannig hafa, frá því að Bubbadómurinn féll að minnsta kosti gengið 11 dómur á héraðsdómsstiginu sem tengjast tjáningarfrelsinu og fjölmiðlum og í þremur þeirra hafa blaðamenn verið sýknaðir að fullu. Í átta þessara dóma hafa miskabætur verið dæmdar vegna ummæla sem fallið hafa. Miskabæturnar eru vissulega misháar: Í einu tilfelli er um 300.000 kr. bætur að ræða, í þremur tilfellum er bótaupphæðin 500.000 kr., í einu tilfelli 700.000 kr., í einu tilfelli milljón og í tveimur tilfellum voru stefnanda dæmdar 1,5 milljónir. Í öllum tilfellum koma hins vegar til viðbótar miskabótunum sjálfum önnur útgjöld sem stefndu er gert að greiða, ýmist sektir í ríkissjóð, málskostnaður eða kostnaður vegna birtingar dóms. Útgjöld fjölmiðlafólks og fjölmiðla vegna þessara dóma hlaupa því í öllum tilvikum á mörgum hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum.

Fá mál í Hæstarétti

Séu dómur Hæstaréttar skoðaðir fyrir þetta sama tímabil, er greinilegt að þar eru dómur undirréttar oftast í meginatriðum staðfestir ef þeim er á annað borð áfrýjað. Þá er það áberandi að það eru ekki mjög mörg mál sem tengjast tjáningarfrelsi og fjölmiðlum sem hafa farið fyrir Hæstarétt frá því um aldamót, og þorri þeirra, eða sex af tíu hefur komið á undanförunum tveimur árum eða svo. Raunar er það

þannig að á þeim sex árum sem líða frá aldamótum og fram að Bubba-dóminum falla fáir ef einhverjir sektar dómur í Hæstarétti í tjáningarfrelismálum fjölmiðla. Árið 2002 er raunar sakfelld í opinberu máli gegn viðmælanda DV fyrir að hafa vegið að þel-dökku fólki vegna kynþáttar þess. Þar var ákærði dæmdur til að greiða sekt í ríkissjóð að upphæð 30.000 krónur (ca. 45-50 þúsund að núvirði) auk þess sem hann þurfti að greiða 70.000 krónur í málsvarnarlaun sín. Þetta er eina tilfellið á þessu tímabili þar sem sakfelling átti sér stað. Í þremur meiðryðamálum á þessu tímabili var hins vegar sýknað.

Fébætur hækka heldur

Sé leitað enn lengra aftur til að fá hugmynd um miskabætur vegna tjáningarfrelismála, má nefna dóm frá 1998 yfir þeim Ingólfi Margeirssyni og Esra Péturssyni lækni vegna bókarinnar „Sálumessu syndara“, en í fljótu bragði virðist það vera sá dómur í „tjáningarfrelismáli“ þar sem sakfelld var í fyrir Hæstarétti næst á undan Bubbadóminum. Í þeim dómi voru Ingólfur og Esra taldir hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs látinnar konu sem þar var fjallað um og Esra þar að auki hafa brotið gegn þagnarskyldu sinni sem lækni. Hæstiréttur var sam-mála undirrétti um forsendur refsingar, þ.e. að brotið hafi verið „stórfellt og siðferðislega mjög ámælisvert“. Refsing þeirra eða sektir í ríkissjóð

voru ákvarðaðar 350 þúsund krónur fyrir Esra í héraðsdómi og í Hæstarétti var Ingólfri gert að greiða sömu upphæð. Þetta samsvarar um það bil 650 þúsund krónum að núvirði. Greinilegt er að þessi upphæð er á svipuðu róli og stór hluti þeirra miskabóta sem fjölmiðlafólki hefur verið gert að greiða upp á síðkastið, en nær þó ekki upp í þær hæstu. Varast ber þó að draga of sterkar ályktanir af þessum fáu dæmum, en eðli málanna og málsatvik eru einstök í hverju tilfalli – þannig að fá, ef nokkur nákvæmlega sambærileg mál eru fyrir hendi. Engu að síður er greinilegt að á undanförunum tveimur árum hafa komið upp fleiri mál sem tengjast því sem flokka mátti undir samheitið tjáningarfrelsi fjölmiðla, en næstu fimm til tíu árin þar á undan og miskabætur og sektir í slíkum málum eru nú heldur hærri en áður og jafnvel miklu hærri í sumum tilfellum. Varla er þó hægt að tala um byltingu í tengslum við upphæð fjársekta og bóta.

Breyttir tímar

Sú staðreynd að málum af þessu tagi hefur verið að fjölga frá árinu 2006 gæti gefið vísbendingu um að einhver grundvallarbreyting hafi orðið á þessu sviði. Þá breytingu má hugsanlega rekja að einhverju leyti til dómstólanna sjálfra, að einhverju leyti til almennra samfélagsbreytinga og einnig til þeirrar miklu umbyltingar sem orðið hefur á íslenskum fjölmiðlum það sem af er öldinni. Líklega ræður þó mestu samspil allra þessara þátta.

Í fyrsta lagi, hvað varðar dómstólana sjálfa, þá er eðlilegt að horfa til Karólínudómsins hjá Mannréttindadómstóli Evrópuráðsins. Í þeim dómi er vernd einkalífsins sett með mjög afgerandi hætti fram fyrir tjáningarfrelsisákvæði í þeim tilfellum þegar ekki var hægt að sýna fram á að truflun á friðhelgi einkalífs sé komin til vegna þess að fréttmáir almannahagsmunir krefðust slíkrar truflunar. Enda má finna í rökstuðningi íslenskra dómstóla síðustu tvö til þrjú ár ýmsar skírskot-

anir til þess að einhver tiltekin umfjöllun hafi ekki skipt svo miklu máli fyrir almannaumræðu að það hafi réttlætt birtingu persónuupplýsinga. Þannig var það t.d. með tölvupósta Jónínu Benediktsdóttur, en birting Fréttablaðsins á efnisatriðum úr þeim var talin í lagi, vegna þess að það sem var birt skipti máli fyrir umræðuna að mati dómsins. Birting DV á öðrum efnisatriðum var hins vegar ekki talin skipta máli fyrir umræðuna og því var sú birting dæmd andstæð lögum.

Í öðru lagi gætu breytingar á fjölmiðlaflórinni einnig hafa haft áhrif. Aukin samkeppni og markaðsvæðing greinarinnar í heild kann að hafa ýtt undir að miðlar gangi lengra en áður í að birta fréttir sem síðan enda sem dómsmál. Stafræna byltingin og nýmiðlar hafa einnig breytt landslagi svo ekki sé talað um ritstjórnarstefnuna, sem DV fylgdi á tímabili og skilgreindi sem „ágenga“ blaðamennsku. Tilkoma fríblaða skiptir einnig máli í þessu sambandi og þá ekki síst sá síður að



Opnan úr Hér og nú sem Bubbadómurinn fjallar meðal annars um.

útgáfur auglýsa ólíka miðla sína í öðrum fjölmiðlum sem þeir kunna að ráða yfir eða hafa ítök í. Fríblöðin fara mjög víða og eru fyrir margra augum og rétt eins og fríblöðin geta notað mikla dreifingu sem röksemd fyrir því að auglýsendur ættu að auglýsa í þessum blöðum, þá er miski vegna meiðyrða, ærumeiðinga eða brota á friðhelgi einkalífs að sama skapi þungbærari eftir því sem þær ávirðingar fara víðar. Það kann að stuðla að hærri miskabótum og þetta atriði skipti t.d. máli í Bubba-dóminum.

Í þriðja lagi hefur viðskipta- og markaðsvæðingin náð undirtökum á flestum sviðum mannlífs á Íslandi og hvers kyns hluti, efnislega og óefnislega, er nú í vaxandi mæli farið að

meta til fjár. Breytt umhverfi að þessu leyti kann að hafa ýtt undir hugmyndir um að æra og einkalíf séu verðmæti sem leggja beri á verðmiða og því hafi ákveðin vakning orðið varðandi þann möguleika að sækja rétt sinn fyrir dómi og jafnvel krefjast hárra miskabóta.

Hver ber ábyrgð?


Í sumum þeim dómum sem fallið hafa eftir Bubbadóminn, einkum og sér í lagi dómnum í máli Magnúsar Ragnarssonar gegn 365 miðlum (E-4080/2007 Héraðsdómur Reykjavíkur) koma þó fram atriði sem skipta starfsumhverfi og eðli blaðamannsstarfsins miklu máli. Óháð efnislegri niðurstöðu dómsins, sem er óvæginn og umdeild

og biður meðferðar fyrir Hæstarétti, dregur þessi dómur athyglina að tilteknum ákvæðum í prentlögnum. Í 15. gr. prentlaga segir að almenna reglan sé að höfundur beri refsí- og fébótaábyrgð á því sem hann skrifar ef hann er nafngreindur. Blaðamenn eru því í raun sjálfir bótaskyldir og ábyrgir fyrir því sem þeir skrifa ef það er skrifað undir fullu nafni. En hafi höfundar ekki nafngreint sig „ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina“. Það er því annað hvort útgefandinn eða ritstjórinn sem bera refsí- eða fébótaábyrgðina, ekki báðir eða þeir sameiginlega. Þeim sem höfðar mál vegna tiltekinna ummæla eða greinar í fjölmiðli er því nokkuð í sjálfsvald sett hverjum hann stefnir. Í fyrrnefndu máli Magnúsar Ragnarssonar kemur þetta sérstaklega vel fram. Þar er meintum ærumeiðingum safnað saman úr fleiri en einum miðli í eigu 365 og stefnt vegna þeirra í einum pakka ef svo má segja. Þetta atriði kom einnig með aðeins öðrum hætti til álita í máli Gunnars Hrafnas Birgissonar gegn þeim Jónasi Kristjánssyni og Mikael Torfasyni á DV í dómi frá 2007. Þá breytti Gunnar kröfum sínum fyrir Hæstarétti, þannig að í stað þess að beina kröfum sínum að ritstjórunum eins og gert var í héraðsdómi, var kröfunum beint að útgáfufélaginu fyrir Hæstarétti.

Tvö mikilvæg atriði

Þessi mál vekja upp tvær mikilvægar spurningar, sem í sjálfru sér eru jafn gamlar prentlögnum (1956), en hafa vaknað upp nú með nýjum hætti. Fyrsta spurningin er þessi: Ef útgefendur eru látnir bera refsí- og fébótaábyrgð á ritstjórnarefni, er þá á sama tíma raunhæft að þeir hafi ekki lög sögu og áhrif á það ritstjórnarefni sem þeir bera ábyrgð á? Og hvað verður þá um alla umræðuna um ritstjórnarlegt sjálfstæði?

Hin spurningin er um ábyrgð blaðamannanna sjálfra. Stíll og framsetning á rituðu máli (og töluðu) hefur breyst mikið og mjög algengt er orðið að blaðamönnum séu merktar greinar með fullu nafni og jafnvel mynd. Slíkar höfundalínur, eða „by-lines“ hafa lengi tíðkast erlendis og í fjölmiðlaumhverfi



Tjáningarfrelismál fjölmiðla hafa verið fleiri á síðastliðnum tveimur árum en næstu árin þar á undan.

TJÁNINGARFRELSIÐ

samtímans á Íslandi þykja þær treysta tengsl lesenda og viðkomandi blaðamanns, sem um leið verður meðvitaðri um ábyrgð sína. En um leið og blaðamenn fara að skrifa undir fullu nafni færast refsí- og fébótaábyrgðin af ritstjórum og útgefendum yfir á blaðamennina sjálfa. Dómaframkvæmdin sýnir að hvorki upphafsstafir blaðamanns né netfang hans er tekið sem fullgild auðkenning, aðeins fullt nafn dugi.

Ritstjórnarlegt sjálfstæði

Fyrri spurningin, spurningin um ritstjórnarlegt sjálfstæði og ábyrgð blaðamanna og ritstjóra er sérstaklega áhugaverð og í raun aðkallandi. Ólíklegt er að blaðamenn eða ritstjór-

ar hafi sérstakan áhuga á því að takmarka ritstjórnarlegt sjálfstæði sitt en í því felst að þessir aðilar þurfa þá jafnframt að vera tilbúnir að axla þá refsí- og fébótaábyrgð sem felst í þessu sjálfstæði. Ekki er ástæða til að ætla að blaðamenn hafi neitt á móti því, sérstaklega ekki ef tillit er tekið til þess í ráðningarkjörum þeirra og samningum við útgefendur. Mögulegur farvegur fyrir slíka samninga var skapaður í síðasta fjölmiðlafrumvarpi, en það frumvarp dagaði sem kunnugt er uppi á Alþingi. Líkur eru á að svipað ákvæði verði í fjölmiðlafrumvarpi sem menntamálaráðherra hefur nú boðað að lagt verði fram í vetur. Ef marka má yfirlýsingar frá helsta frumvarpssmiðnum, Karli Axelssyni hrl., á málþingi menntamálaráðuneytisins þann 10 apríl sl. þá

verður leitast við að hafa inni í nýja frumvarpinu ákvæði sem almenn sátt var um en sneitt hjá umdeildum ákvæðum, s.s. um hámark á eignarhaldi. Það væri því e.t.v. ástæða til að skoða sérstaklega með hvaða hætti hægt er að samræma hugmyndir um sjálfstæði ritstjóra í nýju frumvarpi og svo þau ákvæði í prentlögum sem gera útgefendur og eigendur fjárhagslega ábyrga fyrir ritstjórnarefni. Farvegurinn sem síðasta frumvarp bjó til fyrir þetta gerði ráð fyrir að útgefendur dagblaða og blaðamenn settu sér reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði í samstarfi við stéttarfélag blaðamanna og að þessar reglur yrðu síðan sendar til útvarpsráðgjafarinnar. Í frumvarpinu, sem ekki varð að lögum, segir m.a.:



Færst hefur í vöxt að blaðamenn skrifi fréttir og greinar undir fullu nafni og mynd. Slíkt færir þeim bæði fébóta- og refsíábyrgð samkvæmt prentlögum.

„Í reglum um ritstjórnarlegt sjálfstæði dagblaðs skal m.a. fjallað um:

- Starfsskilyrði ritstjóra og fréttamanna við að framfylgja ritstjórnarstefnu dagblaðsins.
- Starfshætti sem ætlað er að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttamanna gagnvart eigendum útgefanda dagblaðsins.
- Skilyrði áminningar og brottvikningar blaðamanna.

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu sendar útvarpsréttarnefnd til staðfestingar. Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði skulu endurskoðaðar árlega í samvinnu við starfsmenn fréttastofa og stéttarfélag þeirra. Tilkynna skal útvarpsréttarnefnd um að endurskoðun hafi farið fram og senda henni nýja útgáfu af reglunum til staðfestingar hafi breytingar verið gerðar.“

Það hlýtur að vera grundvallaratriði að ritstjórnarlegt sjálfstæði sé tryggt með einhverjum hætti á íslenskum fjölmiðlum. Vissulega eru ýmsar leiðir til að stuðla að slíku, en slíkt frelsi kallar á

ábyrgð – þar með talið refsí- og fébótaábyrgð blaðamanna og ritstjóra. Sú leið sem stungið var upp á í síðasta fjölmiðlafrumvarpi er vissulega allrar athygli verð, enda mun Blaðamannafélagið hafa fengið að koma með athugasemdir um þetta ákvæði við gerð frumvarpsins. Tvennt þarf þó að hafa í huga í ljósi þróunarinnar í dómum sem snerta tjáningarfrelsi fjölmiðla hin síðari ár.

- Það er nokkuð ljóst að þessum málum er að fjölga og edli þeirra er þannig að oftar virðist sakfelld í þeim en áður. Fébætur eru e.t.v. ekki að taka stökkbreytingum frá því sem oft þekktist áður, en þær hafa engu að síður verið að þokast upp á við og eru í mörgum tilfellum umtalsverðar og verulega íþyngjandi. Það eru því auknar líkur á því að mál af þessu tagi séu höfðuð og að blaðamenn verði dæmdir bótaskyldir. Fyrir hugsjónina um sjálfstæða og óháða blaðamennsku, er mikilvægt að blaðamenn vísi ekki þeirri ábyrgð frá sér.
- Dómaframkvæmd bæði í héraðsdómi og Hæstarétti undanfarin miss-

eri sýnir að ritstjórnarleg ábyrgð getur verið fjárhagslega íþyngjandi bæði fyrir ritstjóra og eins fyrir blaðamenn sem skrifa undir fullu nafni. Þeirri hugsanlegu byrði þarf að mæta með einhverjum almennum hætti þannig að tennurnar séu ekki dregnar úr ritstjórnunum. Hér er um mjög vandasamt verk að ræða. Hægt er að hugsa sér endurmat á launakjörum sem tæki tillit til ábyrgðarinnar, eða jafnvel einhvers konar tryggingarákvæði sem tryggðu ritstjóra og blaðamenn gagnvart málsóknum. Hér þarf að koma til einhvers konar samvinna milli útgefenda/eigenda og blaðamanna sem hugsanlega væri hægt að ná fram innan ramma reglna um ritstjórnarlegt sjálfstæði af því tagi sem talað var um í síðasta fjölmiðlafrumvarpi. Verkefnið er hins vegar ekki einfalt, og kallar á að bæði blaðamenn, ritstjórar og útgefendur ræði möguleikana og noti einmitt tækifærið nú, þegar verið er að endurskoða og búa til nýja rammalöggjöf um fjölmiðla, þar á meðal þetta atriði.



MÁLFA RSHORN

Röng notkun miðmyndar (dönsk áhrif)

- Þátttaka verður að tilkynnast sem fyrst
 - Tilkynna verður þátttöku sem fyrst
 - Umsóknir sendist fyrir mánaðamót
 - Umsóknir skal senda fyrir mánaðamót
 - Vextir reiknast frá útgáfudegi
 - Vextir verða reiknaðir frá útgáfudegi
- (Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Ofnotuð orð eða orðasambönd

- Aðili
- Varðandi (þetta eru málalengingar)
- Og (þar sem gæti verið **en**)
- Milli (samningar milli deiluaðila, átök milli manna, fundir milli nefndanna o.s.frv. Þessu er ofaukið)

- Viðsnúningur (notið t.d. gjörbreyting)
- Á bilinu (ekki segja *hækkunin verður á bilinu 10-20%,
- Alfarið (*maðurinn neitar alfarið sakargiftum. Væri hægt að játa alfarið? Nóg að segja neitar)
- Síðan (ekki segja *fyrir fjórum árum síðan. „Fyrir fjórum árum“ er nóg).

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)

Orðaleppar

- Algengt er að heyra talað um – „mikið af fólki“
- Rétt er að segja **margt fólk**
 - Margt fólk var í bænum á 17. júní
 - *Mikið af fólki var í bænum á 17. júní

- Á sama hátt á að segja margir menn/margt fólk en ekki mikill fjöldi manna
 - Margt fólk var þar samankomið ...
 - *Mikill fjöldi manna var þar samankomin ...

- Mennt fara til útlanda eða fara utan
- Að ferðast erlendis merkir að ferðast um útlönd (viðkomandi er kominn til útlanda). Skoðið þetta í samhengi við orðasambandið „að ferðast innanlands“
- Mennt geta líka **dvalið erlendis**
- Rangt er að segja *að fara erlendis

(Ath. stjórnumerktu setningarnar eru ótækar)



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

vetur/vor 2009

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ á tímabilinu

janúar-júní 2009

Umsóknum skal skilað fyrir **18. nóv. nk.** til skrifstofu BÍ Hægt er að sækja um á heimasíðunni **WWW.PRESS.IS** fá eyðublöð á skrifstofu BÍ eða senda tölvupóst á **bi@press.is**

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þáttökugjöldum.

Munið að umsóknarfrestur er til 18. nóv.

Hinn sígildi kjarni blaðamennskunnar!

Annað árið í röð munu Evrópusamtök blaðamanna nú efna til sérstaks baráttudags þann 5. nóvember, sem fengið hefur yfirskriftina „Til varnar blaðamennskunni“. Á síðasta ári var farið út í aðgerðir af þessu tagi víða í Evrópu og þóttu hafa gefist svo vel að átakið verður endurtekið í ár. Hér á Íslandi var haldið sérstakt málþing þennan dag fyrir ári, og komu þá hin- ar þekktu blaðakonur Amy Goodman frá *Democracy Now!* í Bandaríkjunum og Jelena Larinokova yfirmaður *Barents Press* í Murmansk. Þegar verið var að undirbúa þennan baráttudag í fyrra útskýrði Aidan White, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins það með eftirfarandi hætti, hvert til- efnið fyrir baráttudeginum væri:

„Blaðamenn eru orðnir langþreyttir og reiðir á því að geta ekki unnið vinnuna sína óáreittir fyrir pólitískum íhlutunum, varasömu vinnuumhverfi og yfiringilegri markaðsvæðingu, sem er á góðri leið með að rífa hjartað úr gæðum blaðamennskunnar.“

Þetta mætti umorða sem svo: Evrópusamtök blaðamanna vilja reyna að sporna gegn því að markaðsvæðing og arðsemiskrafa efnahagskerfis fjölmiðlheimsins yfirkeyri kjarnann úr sígildri blaðamennsku. Af þessu tilefni er áhugavert að beina kastljósinu að þessum kjarna blaðamennskunnar og hér á landi sem annars staðar hafa menn velt honum fyrir sér lengi. Sá fyrsti sem gerði alvarlega tilraun til að skilgreina þennan kjarna hér á Íslandi hefur trúlega verið Jón Guðmundsson, sem var ritstjóri Þjóðólfs upp úr miðri 19. öldinni. Hann var einnig sá Íslendingur sem fyrstur hafði blaðamennsku að ævistarfi. Jón skrifaði um blaðamennskuna í blað sitt þann 16. febrúar 1856 orð sem enn eiga við í dag, orð sem sýna að kjarninn í blaða-

mennskunni er í raun og sann sígildur. Rétt er þó að taka fram að orðalag hefur eðlilega breyst örlítið undanfarin 150 ár og þannig talar Jón um “hið opinbera” þegar við myndum í dag líklega nota hugtakið “almannaheill”. En Jón sagði í grein sinni m.a. þetta:



Jón Guðmundsson á efri árum.

„... Dagblöðin hafa vakandi auga á öllu því sem er að gjörast, skýra frá því og vanda um það ef við þarf; þau hreifa öllu því sem þarf að gjörast, minna á það og benda til hvornig því megi haga; þau auglýsa og sundurlíða allt sem er að gjörast og þarf að gjörast í hinu opinbera lífi, draga það fram úr launpukurfylgnum og halda því upp við birtu sannleikans og siðferðisins fyrir allra augum; – þau tala máli hins einstaka manns ef vafalausum rétti hans hefur verið augsýnilega misboðið af „hinu opinbera“, án þess réttingar sýnist von á vanalegan löglegan hátt; en einkanlega tala dagblöðin máli „hins opinbera“ og gjörvalls lýðsins, skorinort og án manngreiningarálits, ef nokkur einstakur

maður, hver sem hann er, hallar hag eða sóma „hins opinbera“ og rétti lýðsins, annað hvort fyrir hirðuleysi og undanfærslu í því sem á að gjörast, eða með beinlínis áreitni eður rangsleitni; – að þessu leyttinu má álíta dagblöðin, „raust hrópandans í eyðimörkinni“, raust sjálfs lýðsins, almenningsálit og almenningsdóm. En það er og verður jafnan undir sjálfum lýðnum komið, hvort dagblöð hans ná nokkru sinni þeirri tign og því afli og áorkan sem vér nú höfum sýnt, – það fer fjærri að nærri öll dagblöð eða tímarit séu svo úr garði gjörð: – það er undir lýðnum einum komið, hvort dagblöðin eru öllum óháð, óvilhóll, áreiðanleg, eða háð og þrælbundin einstökum maktarmönnum, hlédræg, aflvana og ómerk, og dragist svo smámsaman upp og kyrkist. Gott og öflugt og merkt dagblað getur því að eins komiðt upp og þrífzt, að til þess fái útgefandi eða útgefendur sem eru vel menntaðir, fjölhæfir, reyndir og óvilhallir, frjálslýndir og lýðhollir, og hvorki háðir neinum manni né neinni þeirri annari stöðu er geti bundið tungu og penna blaðamannsins, eða blekkt hann og freistað hans til hlédrægni; en slíkir menn fást því að eins til blaðanna, að þeir geti þar af haft eins sómasamlega og næga atvinnu, eins og af hverjum öðrum starfa sem þeir eru færir um; hæfilegleiki blaðamannsins er því og verður þar undir kominn hvað blaðið selst vel og er vel og skilvíslega borgað. Afl og áhrif hvers dagblaðs er og því meira sem það á að styðjast við fleiri og merkari kaupendur ...“

(Jón Guðmundsson, Þjóðólfur,
16. febrúar 1856)

- BG



Frjáls blaðamennska er ein meginstoð lýðræðislegs samfélags

Enn á ný undirbúa tugþúsundir blaðamanna vítt og breytt um Evrópu samhæfðan baráttudag til varnar blaðamennskunni. Sá dagur verður haldinn 5. nóvember. Blaðamenn vilja með því minna á það hlutverk sitt að skrifa fyrir lýðræðið og vara við því að þrengt verði að því með yfirtækja og stjórnmalamanna.

Fjölmiðlar eru ein meginstoð opins og lýðræðislegs samfélags. Hvarvetna er hins vegar gerð atlega að frjálsri blaðamennsku og stöðugt vaxandi hagræðingarkrafa gerir það að verkum að reynslu og sérhæfingu er ýtt til hliðar fyrir ódýrri fjöldaframleiðslu.

Blaðamannafélag Íslands undirbýr eins og önnur evrópsk blaðamannasamtök aðgerðir á blaðamannadeginum. Félagið hvetur blaðamenn til þess að standa upp til varnar blaðamennskunni. Það er okkar að afla upplýsinga og skrifa fréttir í þágu almennings!



Arna Schram, formaður BÍ.

Arna Schram, formaður BÍ.

Fréttablaðið braut ekki siðareglur

Mál nr. 1 2008/2009

Kærandi: Kristján Sveinbjörnsson
Kærdi: Fréttablaðið, Garðar Örn Úlfarsson blaðamaður og Þorsteinn Pálsson ritstjóri.

Kæruefni

Frétt Fréttablaðsins, skrifuð af Garðari Erni, birt þann 18. maí 2008 undir fyrir-sögninni „Yfirvaldið á Álftanesi sagt hunsa Hæstarétt“.

Málsmeðferð

Kæran barst siðanefnd í bréfi dagsettu 17. júlí 2008 og fylgdu henni 6 tölusett fylgiskjöl. Kæran var í 8 afmörkuðum liðum og taldi kærandi að skrif Fréttablaðsins væru brot á 1., 3., 4., og 5. grein siðareglu BÍ. Þá fór kærandi fram á að „siðanefnd gefi út úrskurð um framgöngu Fréttablaðsins, blaðamannsins Garðars Arnars Úlfarssonar og ritstjórans Þorsteins Pálssonar.“ Vegna sumarleyfa reyndist ekki unnt að taka kærana fyrir í siðanefnd BÍ fyrr en 8. september. Þá var leitað viðbragða frá hinum kærða og málið síðan tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. september og 6. október. Viðbrögð frá Fréttablaðinu bárust í bréfi dagsettu 18. september. Þar var farið fram á það að vegna ágalla í kærinni skyldi henni vísað frá, en engu að síður gerðar at-hugasemdir við hina 8 liði kærunnar. Bæði Þorsteinn Pálsson og Garðar Örn Úlfarsson andmæltu kærinni og fylgdu erindi þeirra 15 fylgiskjöl.

Málavextir

Mál þetta fjallar um úthlutun lóðar í sveitarfélaginu Álftanesi og byggingu húss á henni og á sér að minnsta kosti tveggja ára aðdraganda ef marka má umfjöllun Fréttablaðsins um málið og

dómsmál því tengd. Eignarhaldsfélagið Hald, en þar er í forsvari Henrik Thorarensen, hafði fengið úthlutað byggingarlóð á Álftanesi, nánar tiltekið að Miðskógum 8 og leyfi til að byggja á lóðinni samkvæmt ákveðnum skilyrðum skipulags- og byggingarnefndar sveitarfélagsins. Hald sótti um leyfi til byggingar húss á lóðinni sem ekki samræmdist kröfum um hámarksstærð og var leyfinu því hafnað. Þeirri niðurstöðu undi Hald ekki og fór með málið fyrir Héraðsdóm Reykjaness. Aðalkrafa Halds var eftirfarandi: „Að felld verði úr gildi með dómi sú ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar stefnda frá 13. nóvember 2006 og samþykkt bæjarstjórnar stefnda frá 14. nóvember 2006, að synja stefnanda um útgáfu byggingarleyfis á lóð stefnanda að Miðskógum 8, Álftanesi. Jafnframt að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að fá útgefið leyfi til byggingar einbýlishúss á lóðinni á grundvelli fyrirbyggjandi teikninga Hléðisar Sveinsdóttur arkitekts.“

Niðurstaða Héraðsdóms var sú að stefndi, sveitarfélagið Álftanes, væri sýkn af aðalkröfu stefnanda Halds ehf. Enda kom fram í dómnum að framlagðar teikningar að húsbyggingunni væru ekki í samræmi við fram-lögð skipulagsákvæði.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og tekið fyrir þar 17. apríl 2008. Niðurstaða Hæstaréttar var að Héraðsdómur skyldi verða óraskaður. Í dómsniðurstöðu segir ennfremur: „Í fyrrnefndum skilmálum frá 26. október 1981 er meðal annars að finna ákvæði um að á lóðum úr landi Skógtjarnar megi reisa einnar hæðar íbúðarhús og skuli ris á þaki ekki vera meira en 20°. Hæð útveggja frá gólfplötu að þakrennukanti megi ekki vera meira 2,6 m, en um svokallaða hæðar-afsetningu íbúðargólfs er vísað til hæðarblaðs með nánar tilteknum skýringum. Samkvæmt uppdráttum af fyrirhuguðu húsi á lóð áfrýjanda átti hluti þess að

vera tvílyft, þar sem gert var ráð fyrir svonefndum útsýnisturni. Í bréfi hönnuða hússins til stefnda 10. júlí 2006 var sem fyrr segir tekið fram að vikið væri frá skilmálum að því er varðaði hæð þaks á turni þessum. Áfrýjandi átti ekki rétt á að fá gefið út byggingarleyfi fyrir mannvirki, sem þannig var ástatt um, sbr. 43. gr. laga nr. 73/1997. Stefnda var því rétt að hafna umsókn hans á þeim grundvelli.

Með vísan til forsendna hins áfrýjanda dóms verður ekki litið svo á að þeir annmarkar hafi verið á málsmeðferð stefnda að valdið geti ógildingu þeirra ákvæðana, sem dómkrafa áfrýjanda lýtur að. Samkvæmt því verður niðurstaða dómsins staðfest.“

Svo virðist, miðað við málarekstur þennan, að deilan um lóð og byggingu húss á henni hafi ekki staðið um það hvort þar megi, samkvæmt gildandi skipulagi, byggja hús, heldur hve stórt það megi vera. Eftir niðurstöðu Hæstaréttar koma síðan fram tillögur sem skipulags- og byggingarnefnd Álftanes hefur haft til umfjöllunar þess efnis að felld verði úr gildi byggingarleyfi á lóðinni Miðskógum 8 og hún verði skilgreind sem óráðstafað svæði.

Um þetta tvennt, niðurstöðu Hæstaréttar og tillögur að breyttu skipulagi er fjallað í hinni kærðu frétt Fréttablaðsins. Í fréttinni kemur skýrt fram að Hæstiréttur telji að Miðskógar 8 sé byggingarlóð samkvæmt gildandi skipulagi. Hins vegar hafi það verið rétt hjá bæjaryfirvöldum að synja Haldi um byggingu húss á lóðinni samkvæmt fyrirbyggjandi teikningum, sem ekki samrýmdust skilmálum deiliskipulags. Í fréttinni er svo leitað álitis lögmanns Halds á þeim tillögum sem fyrir liggja um að breyta skipulagi á þann hátt að Miðskógar 8 verði ekki skilgreind sem byggingarlóð. Í fréttinni segir svo: „Ef fyrirætlanir skipulags- og byggingarnefndar og sveitarfélagsins ganga eftir

er alveg ljóst að umbjóðandi minn mun ekki láta þær yfir sig ganga," segir Guðmundur Ágústsson, lögmaður Henriks, í bréfi til bæjaryfirvalda á Álftanesi. Guðmundur segir breytingarnar á skipulaginu ekki aðeins svipta Henrik eignarétti sínum heldur ganga þvert á dóm Hæstaréttar, sem þannig væri gefið „langt nef“ auk þess sem bærinn yrði bótaskyldur. Það er til þessara ummæla, sem vísað er til í fyrirsögn hinnar kærðu fréttar.

Í fréttinni kemur einnig fram að kærandi, Kristján Sveinbjörnsson, sem er oddviti meirihluta Álftaneslistans og forseti bæjarstjórnar, hafi beitt sér gegn því að byggt yrði á hinni umdeildu lóð, „en hafi alltaf vísað á bug ásökunum um að afstaða hans markist af eiginhagsmunum. Segist hann einfaldlega telja að ný bygging rúmist ekki á lóðinni, þar sem hún sé svo nærri sjávarkambinum.“

Um fjöllun

Siðanefnd fellst ekki á þá kröfu kærða, Fréttablaðsins og Garðars Arnar Úlfarssonar að kærinni verði vísað frá þar sem í henni sé ekki sett fram með skýrum hætti í hverjum einstökum kærulið hvaða greinar siðareglna kærandi telji að hafi verið brotnar. Siðanefnd telur að kærnan sé engu að síður nægilega skýr til að vera tæk, enda rekur kærandi í 8 liðum hvernig hann telur að kærði hafi brotið af sér.

Kærandi telur fyrirsögn hinar kærðu fréttar ranga. Siðanefnd getur ekki fallist á það, enda er fyrirsögnin byggð á skoðun lögmanns Halds á fyrirhuguðum breytingum á skipulagi, sem fela í sér að ekki verði leyft að byggja á hinni umdeildu lóð. Fyrirsögnin lýsir því ekki eigin skoðun blaðamanns eða Fréttablaðsins á stöðu mála, heldur viðmælanda þess.

Kærandi segir eftirfarandi fullyrðingu Fréttablaðsins; „endaði með dómi Hæstaréttar sem tók undir með Henriki og sagði lóð hans vera byggingarlóð samkvæmt skipulagi frá árinu 1980,“ vera ranga. Siðanefnd getur ekki fallist á þessa túlkun kæranda, enda kemur skýrt fram í dómum Héraðsdóms og Hæstaréttar að sveitarfélagið hafi haft rétt til að hafna byggingu húss Halds á lóðinni vegna þess að húsið var stærra en gildandi skipulag heimilaði. Niður-

staða Hæstaréttar snérist ekki um það hvort lóðin væri byggingarlóð eða ekki og er því ekki hægt að skilja dóminn öðru vísi en svo að gildandi skipulag standi og lóðin sé áfram byggingarlóð með þeim skilmálum, sem skipulags- og byggingarnefnd hafði áður ákveðið.

Kærandi segir að eftirfarandi fullyrðing Fréttablaðsins; „Hæstiréttur segir þannig að byggja megi á lóðinni þótt þessar tilteknu teikningar hafi farið út fyrri skilmálana,“ sé röng. Vissulega er það ekki sagt með berum orðum í dómnum, en engan veginn er hægt að lesa annað út úr honum að mati siðanefndar.

Í kæruliði 4 segir að fullyrðing Fréttablaðsins um að kærandi hafi látið útbúa vaðlaug á hinni óbygðu lóð, sem liggur að lóð kæranda, sé röng. Í fyrri umfjöllun Fréttablaðsins er fjallað um hina meintu vaðlaug 7. desember 2006. Þar er rætt við kærðandann Kristján Sveinbjörnsson og segir orðrétt í frétt blaðsins: „Kristján segir það rétt að hann hafi útbúið laug á lóðinni fyrir neðan hús sitt fyrir tveimur eða þremur árum. „Þá stóð ég í þeirri meiningu að lóðin væri í eigu ættar minnar,“ útskýrir hann. Lóðin var á þessum tíma þinglýst eign nokkurra ættingja Kristjáns, sem hann deildi við um eignarhald á lóðinni.“ Af þessu er ekki hægt að taka undir að „fullyrðing“ um vaðlaug sé röng.

Í kæruliði 5 segir kærandi að fullyrðing Fréttablaðsins; „Kristján hefur beitt sér gegn því að Henrik fái að byggja á lóðinni en ávallt vísað á bug ásökunum um að afstaða hans markist af eiginhagsmunum,“ sé röng. Í fyrri umfjöllun blaðsins svo og í kærinni kemur skýrt fram að Kristján er á móti því að byggt verði á lóðinni. Ástæða þess sé einfaldlega sú að hann telji lóðina af ýmsum ástæðum óbyggingarhæfa. Siðanefnd getur ekki séð að þessi fullyrðing sé röng.

Þá segir kærandi að Fréttablaðið hafi ekki tiltekið að hann hafi sagt sig frá málinu í bæjarstjórn, en birti hins vegar mynd af honum og taki fram að hann sé forseti bæjarstjórnar. Siðanefnd getur ekki fallist á að það sé brot á siðareglum, enda hefur margoft áður komið fram í umfjöllun blaðsins um málið hver staða kæranda sé. Þá kemur það fram í frétt Fréttablaðsins

frá 26. júní að Kristján hafi sagt sig frá málinu við umfjöllunum um það á vettvangi sveitarfélagsins.

Kærandi segir að ekki sé tekið fram í frétt Fréttablaðsins að Hæstiréttur hafi sýknað sveitarfélagið Álftanes af kröfum Halds ehf. um að banni við fyrirhugaðri byggingu við Miðskóga 8 verði rift. Siðanefnd getur heldur ekki fallist á þá túlkun kæranda á fréttinni, því þar segir svo: „Henrik hafði látið vinna fyrir sig teikningar að einbýlishúsi, en fékk þær ekki samþykktar. Hófst þá málarekstur sem fyrir mánuði endaði með dómi Hæstaréttar, sem tók undir með Henriki og sagði lóð hans vera byggingarlóð samkvæmt skipulagi frá 1980. Hins vegar hefðu uppdættir að húsi hans ekki samræmst skilmálum deiliskipulagsins og því rétt hjá bæjaryfirvöldum að synja honum um að reisa hús samkvæmt þeim teikningum.“

Loks segir kærandi að „skilningur fjölda lesenda Fréttablaðsins, sem hafi tjáð sig um þetta mál sé sá að sveitarfélagið hafi tapað málinu í Hæstarétti, ætli sér að hunsna þann dóm og síðan en ekki síst að það sé ég sem standi fyrir öllu saman.“ Siðanefnd getur ekki lagt á það mat hvernig tilteknir lesendur skilja umfjöllun fjölmiðla um einstök mál. Skilningur siðanefndar, eftir að hafa farið vandlega yfir umfjöllun Fréttablaðsins um málið og dóma Héraðsdóms og Hæstaréttar, þar með talið tillögur núverandi meirihluta um að afmá af skipulagi lóðina að Miðskógum 8 sem byggingarlóð, er hins vegar sá að umfjöllun blaðsins og sérstaklega hin einstaka kærða frétt, fari ekki í bága við siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Úrskurður:

Kærðu, Fréttablaðið, Garðar Örn Úlfarsson og Þorsteinn Pálsson brutu ekki siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 6. október 2008

Hjörtur Gíslason
Björn Vignir Sigurpálsson
Jóhannes Tómasson
Salvör Nordal
Sigurveig Jónsdóttir

RÚV telst ekki brotlegt

Mál nr. 2 2008/2009

Kærandi: Sigurður G. Guðjónsson f.h. Guðmundar Þóroddssonar

Kærðu: Bogi Ágústsson og Þórdís Arnljótsdóttir, fréttamenn RÚV

Kæruefni

Fréttaflutningur um kröfu Orkuveitu Reykjavíkur þess efnis að Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri OR, skili gögnum, bifreið, farsíma og tölvu sem voru í vörslu hans. Málið var kynnt í fyrstu frétt sjónvarps að kvöldi 9. júlí með orðunum: Neitar að skila trúnaðargögnum.

Málsmeðferð

Kæran barst Siðanefnd með bréfi dagsettu 27. júlí 2008. Fylgiskjöl voru endurrit fréttar sjónvarps og útvarps dagana 9. til 14. júlí 2008, afrit af yfirlýsingu Guðmundar Þóroddssonar dagsettri 10. júlí 2008 og afrit af bréfi Sigurðar G. Guðjónssonar til Ríkisútvarpsins 16. júlí 2008. Þar sem siðanefnd náðist ekki saman strax vegna sumarleyfa var ákveðið að leita umsgagnar kærðu vegna kæruefnisins og bárust þær í bréfi og tölvupósti dagsettu 22. og 25. september. Siðanend tók málið síðan fyrir á fundum sínum 29. september og 6. október.

Málavextir

Málið varðar fréttaflutning sem hófst í kvöldfréttatíma Sjónvarps kl. 19. þann 9. júlí, hélt áfram þar næstu daga svo og í fréttum útvarps. Inngangur fyrstu fréttarinnar var svohljóðandi:

„Guðmundur Þóroddsson, sem lét af störfum sem forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur í lok maí, tók marga kassa með trúnaðarupplýsingum úr skjalageymslu

Orkuveitunnar skömmu fyrir starfslok. Hann neitaði að afhenda gögnin þegar etir því var leitað. Þess hefur nú verið krafist að hann skili gögnunum í dag, annars þurfi Orkuveitan að grípa til aðgerða.“

Í fréttinni er síðan greint frá því að Guðmundur hafi meðal annars tekið með sér fundargerðir og fundargögn stjórnar Orkuveitunnar síðastliðin tíu ár sem hafi lengstum verið trúnaðarmál og starfsmönnum Orkuveitunnar sé „algerlega óheimilt að fara með gögnin úr húsi.“ Einnig segir að Guðmundur hafi oftsinnis verið beðinn að skila gögnunum en án árangurs. Hafi þetta valdið vandræðum hjá því starfsfólki Orkuveitunnar sem þurft hafi að fletta upp í gögnunum. Þá segir að Guðmundur hafi verið krafinn um að afhenda jeppabifreið sem hann hafi fengið þegar hann var forstjóri Orkuveitunnar en því hafi hann einnig neitað. Tekið er fram í lok fréttarinnar að ekki hafi náðst í Hjörleif Kvaran, starfandi forstjóra Orkuveitunnar.

Kærandi kveðst hafa sent fjölmiðlum yfirlýsingu 10. júlí þar sem fram hafi komið að hann hafi ekki tekið nein skjöl úr skjalageymslu Orkuveitunnar. Þrátt fyrir þetta hafi sjónvarpið ekki sé ástæðu til að leiðrétta fréttina frá kvöldinu áður. Þá kveðst kærandi hafa með bréfi dagsettu 16. júlí óskað þess að fréttastofa sjónvarps dragi frétt sína frá 9. júlí til baka og bæði sig afsökunar á ærumeiðandi aðdróttunum sem í henni fólust. Fréttastofan hafi ekki orðið við þessari ósk.

Umfjöllun

Rök kæranda: Kærandi telur alvarlega brotið gegn sér með meiðandi fréttáflutningi þar sem í honum hafi fólgst alvarlegar aðdróttanir í sinn garð um skjalabjórnað og hald bifreiðar. Bendir kærandi á að í inngangi fréttarinnar

segi að hann hafi tekið marga kassa af trúnaðarupplýsingum úr skjalageymslu Orkuveitunnar. Sú staðhæfing sé röng og feli í sér aðdróttun um skjalabjórnað sem ekki sé fótur fyrir. Kveður kærandi það einnig eiga við um fullyrðingar í fréttinni þess efnis að hann hafi tekið gögn sem aðeins hafi verið til í einu eintaki, hann hafi tekið viðskiptasamninga og að skjölin hafi fyllt marga kassa.

Kærandi segir fréttamanninn sem vann fréttina, Þórdísi Arnljótsdóttur, ekki hafa reynt að hafa samband við sig sem þó hafi verið aðalumfjöllunar efni fréttarinnar. Telur hann að með því hafi fréttmaðurinn brotið gegn 3. grein siðareglanna sem bjóði að blaðamaður skuli vanda upplýsingaöflun sína. Ljóst sé að upplýsingar fréttamannsins hafi ekki verið komnar frá þeim sem gerst þekkti til málsins innan Orkuveitunnar. Af þessum vinnubrögðum hafi leitt að fréttin hafi verið efnislega röng. Telji hann fréttina alvarlegt brot á 3. grein siðareglanna Blaðamannafélags Íslands.

Einnig bendir kærandi á að ríkissjónvarpið hafi talið málið svo mikilvægt að fréttin hafi verið fyrsta kynnta og fyrst lesna frétt sjónvarpsins umrætt kvöld. Þá kveður hann merkilegt að sjá að frétt um skil á gögnunum hafi verið sjöunda frétt að kvöldi 14. júlí.

Rök kærðu: Bogi Ágústsson segir í greinargerð sinni að hann sé ekki félagi í Blaðamannafélagi Íslands og félagið hafi því ekki lögsögu í málinu. Hann hafi hvorki annast fréttáflun né skrifað neina frétt sem gerð sé að umtalsefni. Þórdís Arnljótsdóttir gerir þá aðalkröfu í greinargerð sinni að kærinni verði vísað frá og til vara að kröfum kæranda verði hafnað.

Þórdís segir varðandi aðalkröfuna um frávisun að hún sé ekki félagi í Blaðamannafélagi Íslands og siða-

reglur þess taki einvörðungu til meðlimanna þess. Geti síðanefnd því ekki úrskurðað á grundvelli síðareglanna í málum annarra en félagsmanna. Um varakröfuna um að hafna beri kröfum kæranda segir hún að frétt sín hafi byggt á traustum heimildum. Ekki sé tilefni til að efast um réttmæti efnislegs innihalds fréttarinnar, þess mats Orkuveitunnar að kærandi hefði gögn í förum sínum og umráð bifreiðar sem tilheyrði Orkuveitunni og kærandi hefði skirrst við að afhenda. Nægi í því sambandi að vísa til þess að kæranda hafi verið sent bréf frá lögfræðingum sama efnis og umrædd frétt auk þess sem síðari fréttir af málinu staðfesti það.

Um athugasemd kæranda þess efnis að ekki hafi verið haft samband við forstjóra Orkuveitunnar segir hún fráleitt að gera þá kröfu enda hafi heimildir fyrir fréttinni verið traustar. Þá sé rangt hjá kæranda að ekki hafi verið reynt að hafa samband við hann, fréttamaðurinn hafi reynt að hafa uppi á símanúmeri kæranda án árangurs. Ekki hafi verið talin ástæða til að biða með fréttina þar sem heimildir hafi verið taldar nægilega traustar eins og komið hafi á daginn. Einnig tekur fréttamaðurinn fram að í samræmi við síðareglur RÚV verði ekki greint frá því við hverja hafi verið rætt eða hvaða gagna og upplýsinga hafi verið aflað. „Verður ekki séð að slíkt hafi neina þýðingu enda liggur ekki annað fyrir en að efnislegt inntak fréttar undirritaðrar hafi verið rétt í öllum meginatriðum, sbr. og að framan.“

Umfjöllun síðanefndar: Í umfjöllun sinni telur síðanefnd sig hafa lögsögu í málinu enda þótt umræddir fréttamenn séu ekki félagar í Bláamannafélagi Íslands og hefur síðanefnd í gegnum árin oftlega tekið fyrir mál er varða umfjöllun RÚV, nú síðast í málum nr. 1/2007-2008 og nr. 3/2007-2008. Fordæmi er og fyrir því, til dæmis frá árinu 1987, að útvarpsstjóri hafi leitað til síðanefndar vegna gagnrýni þáverandi útvarpsráðs á fréttalutning í RUV. Óskaði útvarpsstjóri eftir því að síðanefnd skæri úr um hvort vinnubrögð sem viðhöfð voru brytu í bága við þær síðareglur sem nefndin teldi blaðamönnum skylt að fara eftir.

Tekinn er fyrir sá hluti kærunnar

sem beinist að Þórdísi Arnljótsdóttur enda ljóst af yfirlýsingu Boga Ágústssonar að hann kemur ekki við sögu við vinnslu umræddra fréttar.

Til úrlausnar er hvort umrædd frétt ríkissjónvarpsins 9. júlí klukkan 19 þess efnis að fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar hafi tekið í óleyfi gögn Orkuveitunnar er hann lét af störfum sem forstjóri og neitað að skila þeim og hafi enn undir höndum bifreið frá Orkuveitunni sé efnislega rétt. Fram kom að hann hafi tekið gögnin úr skjalageymslu Orkuveitunnar. Fram kemur í lok fréttarinnar að ekki hafi náðst í Hjörleif Kvaran, starfandi forstjóra Orkuveitunnar. Í greinargerð fréttamanns RÚV um það atriði segir að fráleitt sé að gera þá kröfu enda hafi traustar heimildir verið fyrir fréttalutningnum. Hingað til hafi ekki verið gerð sú krafa til blaðamanna/fréttamanna að þeir hafi fortakslaust samband við forstjóra fyrirtækja vegna fréttar sem varða þau, búi hlutaðeigandi blaðamaður/fréttamaður yfir traustum upplýsingum. Engu að síður er tekið fram í lok fréttarinnar að ekki hafi náðst í starfandi forstjóra sem þýðir að slíkt hafi verið reynt.

Í þessari fyrstu frétt sjónvarpsins um málið koma fram alvarlegar ásakningar á fyrrverandi forstjóra. Ljóst er að fyrir slíkum fréttum hljóta að þurfa að vera afar traustar heimildir. Þar sem fréttastofan taldi þær vera fyrir hendi er ekki óeðlilegt að hefja fréttalutning á málinu jafnvel þótt telja megja að ekki séu öll kurl komin til grafar þá.

Í yfirlýsingu fyrrverandi forstjóra, sem hann sendi nokkrum fjölmiðlum daginn eftir, er því mótmælt að hann hafi tekið gögn í óleyfi, hann sé einungis með afrit af fundargögnum frá starfstíma sínum og frumrit séu í skjalasafni Orkuveitunnar og aðgengileg starfsmönnum. Það atriði fréttarinnar standist því heldur ekki að starfsmenn Orkuveitunnar hafi ekki getað sinnt störfum sínum vegna þess að gögnin hafi ekki verið fyrir hendi. Varðandi bifreið sem hafi verið hluti af starfskjörum segir forstjórinn fyrrverandi að sá skilningur hafi verið uppi að sá hluti kjaranna væri enn í gildi en ef komin væru upp ný sjónarmið væri sjálfsgagt að ræða slíkt.

Í frétt sjónvarpsins 10. júlí klukkan 19, kvöldið eftir fyrstu fréttina, er vitnað til yfirlýsingar Guðmundar Þóroddssonar og samtals við hann þar sem hann lýsir furðu sinni á umræddum fréttalutningi og kveðst ekki hafa tekið gögnin úr skjalageymslu Orkuveitunnar. Þau séu afrit sem hann hafi fengið send fyrir stjórnarfundum líkt og stjórnarmenn. Vitnað er til þess sem segir í yfirlýsingunni að Guðmundur eigi í vinsamlegum viðræðum við forstjóra Orkuveitunnar um að skila gögnunum og því hafi komið sér á óvart að fá harðort bréf frá lögfræðingum og þar sem svo sé komið telji hann rétt að ráðfæra sig við lögfræðinga. Einnig er í fréttinni greint frá afstöðu Guðmundar Þóroddssonar varðandi afnot af bifreið og að sjálfsgagt sé að ræða málið ef ný sjónarmið þar að lútandi hafi komið upp.

Í fréttinni 10. júlí eru því tíuðuð þau atriði sem forstjórinn fyrrverandi telur að ranglega hafi verið farið með í fyrstu fréttinni og hún því leiðrétt í þeim skilningi. Í bréfi til útvarpsstjóra dagsettu 16. júlí fer lögmaður Guðmundar fram á að fréttastofa ríkissjónvarpsins dragi fréttina frá 9. júlí um skjalastuld til baka og biðji hann afsökunar á ærumeiðandi aðdróttunum.

Síðanefnd telur að með því að greina frá þeim atriðum í yfirlýsingu Guðmundar Þóroddssonar sem vörðuðu fullyrðingar í fréttinni 9. júlí hafi ónákvæmt orðalag verið leiðrétt enda þótt orðið leiðrétting hafi ekki verið notað né hann beðinn afsökunar.

Úrskurður

Þórdís Arnljótsdóttir telst ekki hafa brotið gegn síðareglum Bláamannafélags Íslands.

Reykjavík 6. október 2008

Hjörtur Gíslason
Björn Vignir Sigurpálsson
Jóhannes Tómasson
Salvör Nordal
Sigurveig Jónsdóttir



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Bláðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum.

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 21 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

Sjúkrabjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranudds að hámarki 35 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Nemur styrkfjárhæð 350 þúsund kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjóvganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjógana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir tíu skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greiddur er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innanlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 50 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á sjónglerjum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 40 þúsund á 36 mánaða fresti.

Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 15 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 21 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Bláðamannafélagsins, www.press.is